



# **Íþróttir og karlmennska**

Myndun og mótun kyngervis í heimi íþróttá

Karl Fannar Sævarsson

**Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Íþróttir og karlmennska**  
***Myndun og mótun kyngervis í heimi íþróttá***

Karl Fannar Sævarsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Leiðbeinandi: Kristín Loftsdóttir

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Febrúar 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttshafa.

© Karl Fannar Sævarsson 2012

Reykjavík, Ísland 2012

## Útdráttur

Femínískar kenningar hafa verið áberandi í mannfræði frá upphafi áttunda áratugs síðustu aldar. Tvær samanburðar rannsóknaraðferðir þróuðust innan fræðanna, sú fyrri er kenning Sherry Ortner um að konan sé bendluð við náttúruna og karlinn við menninguna. Seinni kenningin byggir á hugmyndum Rosaldo um innra og ytra rými samfélagsins þar sem karlinn ræður yfir því ytra og konan yfir innra sviðinu. Með annarri bylgju femínískra kenninga er hugtakið kyngervi í öndvegi. Með tilkomu hugtaksins þótti brýnt að benda á að hegðun manna sem sitthvort kynið væri alls ekki eðlislægt. Kyngervi væri ekki það sama og kyn, heldur félagslega mótaðar hugmyndir samfélagsins um hvernig einstaklingar af sitthvoru kyninu eiga að haga sér.

Karlmennska verður því ávallt mótuð af þeim staðalímyndum sem samfélagið hefur um kyngervi kynjanna. Hugmyndir Connell um ríkjandi karlmennsku hafa markað tímamót í karlafræðunum og hafa margir fræðimenn byggt rannsóknir sínar á þeim. Connell segir að á hverjum stað sé ávallt ríkjandi karlmennska sem gnæfir yfir aðrar tegundir karlmennsku. Karlmennska samkynhneigðra getur til að mynda ekki talist vera ríkjandi karlmennska í vestrænum samfélögum. Þegar kemur að íþróttum hafa samkynhneigðir karlmenn ekki getað leikið á jafnréttisgrundvelli við gagnkynhneigða karlmenn.

Félagsleg mótun ungra drengja mótast kyngervi þeirra að stórum hluta og í íþróttum læra þeir gildi samfélagsins um ímynd sannrar karlmennsku. Manndómsvígslur á meðal framandi og fjarlægri samfélaga hafa dýpkað skilning mannfræðinga á karlmennsku og má að mörgu leyti líkja þeim við íþróttaleiki á Vesturlöndum. Í slíkum samfélögum eru einnig aðrar hugmyndir um hvað sé kynferðislegt og hvað ekki, sem hefur mikið að segja um hvernig kynhneigð karlmanna mótast og þar af leiðandi karlmennska. Samkynhneigðir íþróttamenn standa frammi fyrir því að karlmennska þeirra sé ekki ríkjandi karlmennska. Gagnkynhneigð er ríkjandi og fyrirfram gefið norm í íþróttahæminum og eiga því samkynhneigðir í vök að verjast á sviði íþróttanna.

## **Abstract**

Feminist theory has set its mark on the field of anthropology from the beginning of the seventies. Two comparative theories developed within the academia, Sherry Ortner's theory about the nature/culture dualism where women are connected with the nature and the men with the culture. The second theory is Rosaldo's theory about public and domestic dichotomy in societies where women have control over the domestic sphere and the men control the public sphere. The second wave of feminist theory in social science is often marked by the appearance of the concept of gender. The concept was supposed to show that human behaviour is learned through one's culture, not a biological behaviour born through one's sex.

Gender will thereby always form the ideas the community has on masculinity. Connell's theory on hegemonic masculinity has inspired many scholars. Connell says that there are many types of masculinities, but only one is hegemonic. For an example, the masculinity of a homosexual individual could not be considered as a hegemonic one in western societies. When it comes to sports, gay men have not had the chance to play as equals alongside heterosexual men.

Socialisation plays a big part in forming young boys' gender and they learn the values and norms of real masculinity by playing sports. Initiation rites among indigenous societies have deepened anthropology's understanding of masculinity and we can even compare some of these initiation rites to sports games in western society. In a society where initiation rites play a big part in socialisation of young boys, ideas about what is sexual and what is not can be different from western ideas. Those ideas make a difference in developing their sexuality and that leads to how their masculinity is formed. Homosexual athletes have to face the fact that their masculinity is not the hegemonic one. Heterosexuality is hegemonic and the presumed norm in the world of sports and that is why homosexual men are struggling in the sometime hostile environment of sports.

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>6</b>
<b>2</b>	<b>Kenningar</b>	<b>9</b>
2.1	<i>Femínismi og mannfræði</i>	9
2.2	<i>Kyngervi</i>	11
2.3	<i>Karlmennska</i>	12
2.4	<i>Kynhneigð</i>	17
2.5	<i>Vald</i>	19
<b>3</b>	<b>Félagsmótun</b>	<b>21</b>
3.1	<i>Félagsleg mótun kynhlutverka</i>	21
3.2	<i>Mann dómsvígslur</i>	24
3.3	<i>Þekkingaröflun</i>	26
<b>4</b>	<b>Leikurinn</b>	<b>29</b>
4.1	<i>Samkynhneigðir íþróttamenn</i>	34
<b>5</b>	<b>Lokaorð</b>	<b>38</b>
<b>6</b>	<b>Heimildir</b>	<b>40</b>

# 1 Inngangur

Íþróttir spiluðu stórt hlutverk í mínu félagslega uppeldi. Ég var byrjaður að æfa fótbolta ungur að árum og æfði fram á unglingsár. Í skólanum var spilaður fótbolti í öllum frímínútum og miklum tíma eytt í íþróttæfingar og boltaíþróttir með félögum utan skólans, svo ekki sé minnst á allar þær klukkustundir sem hafa farið í að horfa á íþróttaviðburði af öllum toga. Í fjölskyldunni eru íþróttir mikið til staðar, stjúpaðir minn er bæði íþróttakennari og knattspyrnuþjálfari, faðir minn er mikill sportveiðimaður og hef ég dregist inn á svið beggja aðila. Heimur íþróttanna hefur því alltaf verið nálægur og heillandi. Það var samt ekki fyrr en í sumar sem ég ákvað að tengja íþróttir við lokaritgerðina mína. Það voru þó ekki íþróttirnar sjálfar sem ég vildi skrifa um heldur það samfélag sem lifir og þrífst í þeim og hvernig kyngervi mótast í slíku samfélagi. Ekki hafa íþróttir verið rannsakaðar mikið sem slíkar í mannfræðinni þrátt fyrir að félagsfræðin búi yfir fjölda rannsókna og fræðilegra heimilda um slíkt efni. Síðasta sumar kom upp mikil umræða um innvígslur í handbolta hér á landi sem vakti áhuga minn á þessu viðfangsefni (Rassskellingar hafa..., 2012, 14. Júní), þar að auki var ég búinn að heyra áhugaverða hluti um slíkar innvígslur.

Í því samfélagi sem við Vesturlandabúar lifum í í dag eru íþróttir bæði stór og eðlilegur hluti af okkar tilveru. Íþróttirnar eru samofnar menningu okkar og nánast hvert sem litið er tökum við eftir þeim. Í dagblöðum eru fráteknaðar blaðsíður undir íþróttufréttir líðandi stundar, íþróttaviðburðir eru bæði sjónvarpaðir og þeim lýst í útvarpinu í beinni útsendingu sem og að fréttatímar á þessum tveimur miðlum hafa að skipa sérstöku rými undir íþróttufréttir. Á Internetinu eru svo fjöldi vefsíðna sem fjalla almennt um íþróttir eða eina ákveðna íþrótt. Samkynhneigðir karlmenn hafa ekki verið sýnilegir í heimi íþróttanna í gegnum tíðina. Getur mögulega verið að samkynhneigðir karlmenn hafi einfaldlega ekki áhuga á íþróttum? Eða er heimur íþróttanna einfaldlega ekki góður staður fyrir þessa einstaklinga og getur verið munur á milli kynjanna? Eiga manndómsvígslur eitthvað skylt við innvígslur innan handboltans á Íslandi? Allt eru þetta spurningar sem varða efnistöð þessarar ritgerðar og einnig eru þetta spurningar sem eflaust margir hafa spurt sig að.

Kenningar í félagsvísindum þróuðust hratt á 20. öldinni og á seinnihluta síðustu aldar voru femínískar kenningar í brennidepli sem og nýjasta viðbót femínismans, karlafræðin. Bæði félagsfræðin og mannfræðin hafa skipt kenningaramma femínismans í þrjár bylgjur. Í félagsfræðinni er fyrsta bylgjan oft miðuð við ártalið 1848, en þá var fyrsti baráttufundur kvenna haldinn í Bandaríkjunum. Árið 1960 er viðmið fyrir aðra bylgju, með henni kom áhersla á félagslega mótað kyngervi kynjanna. Þriðja bylgjan kemur svo upp úr 1990, með

tilkomu hugmynda um skörun kyngerva (Ritzer, 2012: 457-458). Í mannfræðinni er oftast talað um að fyrsta bylgjan hafi komið á sjötta áratug síðustu aldar þegar mannfræðingar fóru að setja spurningamerki við þá karlaslagsíðu sem var að finna í fræðunum. Það sama gerist á annarri bylgju í mannfræðinni og í félagsfræðinni, kyngervi sem félagslega mótað fyrirbæri var í forsvari, nema að tímabilið er miðað frá 1980 og fram á tíunda áratuginn. Þriðja og síðasta tímabilið einkennist svo af póstmóðernisma, hnattvæðingu og sjálfsrýni út frá vestrænni hegemoníu, einkum og sér í lagi í garð fyrrum nýlendna (Lewellen, 2003, 131-132).

Ein stærsta og mikilvægasta breytan þegar kemur að sjálfsmynd einstaklinga er kyngervi viðkomandi. Þvermenningarlegar rannsóknir mannfræðinga hafa sýnt fram á mikinn fjölbreytileika kyngerva og hvernig hugmyndir um kyngervi eru mótaðar í hverju samfélagi fyrir sig. Ýmist eru slíkar hugmyndir byggðar á líffræðilegum skilgreiningum út frá kynfærum viðkomandi, eftir stærð, eða jafnvel eftir skapgerð og framkomu, eins og algengt er í samfélögum þar sem hugmyndir um kyngervi eru meira flæðandi (Strang, 2009: 139). Það má segja að í gegnum 21. öldina hafi verið þrjú megin svið sem hafi fengist við karlmennsku. Fyrst ber að nefna kenningar Freud og hans klínísku nálgun með sálrænni meðferð. Svo voru það kenningar um kynhlutverk sem hafa verið stór partur af sálfræðilegum kenningum. Síðast en ekki síst er það svo þróun hugtaksins í mannfræði, félagsfræði og sagnfræði (Connell, 2005: 7). Ungir strákar og karlmenn eru tilbúnir að spila líkamlega hættulegar íþróttir einungis til þess að reyna á karlmennsku sína. Fyrir þá er sársaukinn að mörgu leiti þess virði vegna þess að karlmennskan er þess virði. Þegar kemur að samkynhneigðum karlmönnum, hafa þeir jafnan áhyggjur af karlmennsku sinni og leggja jafnan stund á líkamlegar íþróttir til þess að reyna að styrkja berskjaldaða karlmennskuímynd sína (Pronger, 2005: 334).

Þegar ég ákvað að skrifa þessa ritgerð þá fannst mér að ekki væri hægt að nálgast slíkt efni án þess að fjalla sérstaklega um kynhneigð. Eflaust hafa margir velt því fyrir sér af hverju það sé bara einn opinberlega samkynhneigður karlmaður í efstu deild í handbolta, fótbolta og körfubolta til samans (Ásgeir Erlendsson og Sindri Sindrason, 2012). Erfitt er að átta sig á því og mæla hversu stórt hlutfall heildarfjöldans í samfélaginu er samkynhneigt. Slík rannsókn þyrfti að taka inn margar breytur og ekki eru öll samfélög eins. Á Vesturlöndum þar sem frjálsræði í sambandi við kynhneigð er hvað mest hafa menn bent á að tölur á bilinu 2-10% ættu að vera nærri lagi. The Williams Institute (Johnson, e.d.) gerði könnun í Bandaríkjunum árið 2011 og þar lá fyrir að 3.8 prósent af íbúum Bandaríkjanna væru annað hvort samkynhneigðir, tvíkynhneigðir eða kynskiptingar. Tölfræðin varðandi samkynhneigða íþróttamenn á Íslandi er nokkuð frábrugðin því sem kom fram í könnun The Williams



Institute. Ef við gefum okkur að í fótbolti séu um 23 í hverju liði og 12 lið í efstu deild, í handbolta séu um 15 í liði og 8 lið í efstu deild og svo að 12 lið séu í efstu deild í körfubolta og einnig um 15 í hverju liði gera þetta gróflega 576 einstaklinga (bara leikmenn taldir) og aðeins einn þeirra er opinberlega samkynhneigður. Það gerir því 0.173% sem má segja að sé nokkuð á skjön við fyrrnefnda könnun. Athyglisvert er að það virðist ekkert tiltökumál að stelpur í íþróttum séu samkynhneigðar og ekki óalgengt að þær spili einnig með landsliðinu í sinni íþrótt („Edda Garðars:“, 2009). Pronger (2005: 344-345) bendir á að samkynhneigðir karlmenn hafi ekki náð fótfestu í hópíþróttum þar sem líkamleiki við karlmenn er mikill og hefur mikið borið á hómófóbíu þar á bæ. Hómófóbía hefur verið skilgreind sem að mislíka eða óttast einstakling sem er annað hvort samkynhneigður eða tvíkynhneigður. Hómófóbía hefur ýmsar birtingamyndir, allt frá hunsun á viðkomandi einstakling yfir í virkar aðgerðir gegn honum (Brackenridge, Rivers, Gough og Llewellyn, 2007: 123). Hálf kaldhæðið er að flestir opinberlega samkynhneigðir íþróttamenn séu í íþróttum eins og dansi, skautum eða ballett þar sem snerting við konur er mikil (Pronger, 2005: 344-345).

Kenningar og rannsóknir mannfræðinga á hinum ýmsu manndómsvígslum og helgiathöfnum sem þeim fylgja, hafa sýnt fram á að hugmyndir okkar Vesturlandabúa um kyngervi séu ekki svo einfaldar. Fjölmörg dæmi eru um samfélagshópa sem hafa allt aðra sýn en við á hlutverk kynjanna, bæði margbreytileika þeirra og breytingar á hugmyndum um þær. (Durrenberger og Erem, 2010; Eriksen, 2010; Gledhill, 2000 og Lewellen, 2003). Í mörgum þessara dæma sjáum við réttlætingu á valdbeitingu til að halda öðru kyninu niðri, en það skýrist kannski best í útskýringum Godelier (1986) á forverasögum Baruya.

Í fyrsta kafla meginmáls verður farið yfir helstu efnistökin femínismans, hvernig hugtakið kyngervi myndaðist og loks kynhneigð skoðuð í tengslum við íþróttir. Reynt verður að gera skil á þeirri karlmennskuímynd sem hefur skapast í vinsælustu íþróttagreinum heims. Af hverju er hómófóbía enn þann dag í dag svo ríkjandi í stórum íþróttagreinum eins og fótbolta, körfubolta, handbolta eða amerískum fótbolta? Umfjöllun um samkynhneigð og hómófóbíu í ritgerðinni verður aðallega til þess að ná betri og víðari skilningi á því hversu mikilvægt það sé að bera réttu karlmennskutáknin þegar kemur að hópíþróttum. Í seinni kafla meginmáls verður fjallað um félagslegt uppeldi í íþróttum og það tengt við manndómsvígslur meðal nokkurra hefðbundinna samfélaga. Tenging við manndómsvígslur og helgisiði tengda þeim er nauðsynleg að mínu mati til þess að dýpka skilning okkar á karlmennsku og því kyngervi sem henni fylgir. Einnig ætla ég að skoða hvort karlmennskan sem verið er að berja í drengi við manndómsvígslur sé skyld þeirri karlmennsku sem barin er í unga drengi sem ætla

að verða atvinnumenn í hinum karllæga heimi íþróttanna. Í lokakafli meginmáls verða hugmyndir félagsfræðingsins Michael Messner (1989) ræddar, þar sem hann greinir leikinn út frá karlmennskutáknum.

## 2 Kenningar

### 2.1 Femínismi og mannfræði

Með auknum skilningi á kynhlutverkum og mismunun kynjanna sem kvannahreyfingar bentu á, þróaðist femínísk mannfræði sem sjálfstæð undirgrein. Femínískir fræðimenn einsetja sér að rannsaka og skilja hvað stendur á bakvið kúgun kvenna, vald sem tæki til að útiloka kyn og einnig að stuðla að samfélagsbreytingum. Skilgreiningar á femínisma eru ekki allar samhljóma en eru þó á þá leið að vera virk löngun til að breyta stöðu kvenna í samfélaginu, sem einkennist oft af undirgefni (Delmar, 1986). Mascia-Lees og Black (2000: 8) halda því fram að margir hafi laðast að mannfræðinni síðustu ár, einkum vegna fjölda valkosta á óhefðbundnum líkönum (e. *models*) sem hún býður upp á. Með samanburðarrannsóknum víðsvegar um heiminn hafa mannfræðingar getað sýnt fram á að það sem fólk telur vera náttúrulegt og alþjóðlegt sé heldur betur ekki svo einfalt. Moore (1994: 10) bendir á að mannfræðin hefur átt stóran og sögulegan þátt í að þróa kenningar femínisma, einkum og sér í lagi vegna gagnrýni sinnar á hugtakinu kvenmaður. Í kringum 1970 notuðu femínistar gögn mannfræðinga í stórum stíl til að sýna fram á breytileika kynjanna og mismunandi kynhlutverka. Með þessu gátu fræðimenn sýnt fram á að kyngervi væri byggt á félagslegum reglum en væri ekki eitthvað sem væri bundið við líffræðilegar skýringar. Þau þvermenningarlegu gögn sem sýndu fram á að kyngervi væri félagslegt, gátu samt sem áður ekki útskýrt hvað byggi að baki mismunun kynjanna.

Eitt af aðalverkefnum femínískar mannfræði er að útskýra margbreytileika kynhlutverka. Þessi vettvangur mannfræðinnar hefur reynst mikilvægur í að meta þau algengu gildi í vestrænu samfélagi að breytileiki milli karla og kvenna sé talinn eðlislægur eða meðfæddur. Frá fyrstu mínútu sem við fæðumst byrjar menningarleg flokkun á kynjunum, til dæmis hefur venjan á Vesturlöndum verið sú að klæða stráka í blátt og stelpur í bleikt. Upp frá því er ekki aftur snúið (Mascia-Lees og Black, 2000: 1-2). Mannfræðingar þróuðu þá með sér tvær mikilvægar samanburðarkenningar til að notast við til útskýringar. Gott er að hafa í huga að mannfræðin er vettvangur þar sem kenningar spila stórt hlutverk og eru kenningar oftast samofnar rannsóknum mannfræðinga (Barnard, 2000: 1). Fyrri kenningin vísar til kenningar Sherry Ortner (1974). Þar setur hún fram hugmyndir sínar um náttúru/menningar tvíhyggjuna. Hún segir að konur hafi lengst af verið tengdar við náttúru og karlmenn við

menningu. Þetta má svo tengja við tvíhyggjukenningar eins og „man the hunter/woman the gatherer” og „náttúra/uppeldi” (Mascia-Less og Black, 2000). Ortner segir það af og frá að konur séu nær náttúrunni en karlar. Hún bendir á það gæti verið landlæg alheimsmenning sem hafi þá óumflýjanlegu þætti að konur sé bendlaðar við náttúruna. Það gæti orsakast meðal annars af því að konur fæða börn og gefa þeim næringu í gegnum líkama sinn. Ortner bendir á að menning sé hærra skrifuð en náttúra í flestum samfélögum, náttúruleg efni eru meðal annars notuð sem tákn um menningu eða í menningarlegum tilgangi og getur það verið til marks um að mennirnir hafi náð tökum á náttúrunni. Því er ekki úr vegi að karlmenn séu hærra settir en konur ef forsendurnar sem menn gefa sér eru þær að karlmenn standi fyrir menningu en konur fyrir náttúru (Ortner, 1974).

Hin kenningin gekk svo út á að konur væru lægra settar vegna þess að þeirra svið lægi inná við, við heimilisstörf. Þá komum við aftur inn á getu kvenna til að ala börn (Moore, 1994: 10). Rosaldo setti fram þá kenningu að karlmenn hafi ráðið yfir ytra rými samfélagsins og konur ráðið yfir innra rýminu. Hægt er að skipta þessu í innan og utan heimilis, en í raun er skiptingin ekki svona einföld (Lewellen, 2003). Lugo og Maurer (2000) benda á að það sem kom Rosaldo hvað mest á óvart var að svið karlanna var ávallt æðra en svið kvenna. Menningin var þannig að karlar áttu auðveldara með að komast í áhrifastöður í samfélaginu. Getur þó verið vandasamt að greina á milli þess hvað þótti í raun æðra í þeim samfélögum sem mannfræðingar rannsökuðu og þeirra hugmynda og gilda sem mannfræðingar voru með í höfðinu á meðan þeir rannsökuðu samfélögin. Erfitt hefur verið að afmá þá goðsögn sem við gætum kallað náttúru/uppeldis tvíhyggjuna. Ekki er óalgengt að heyra frasa eins og „strákar munu ávallt vera strákar” eða „hún gerir þetta alveg eins og stelpur gera”. Þarna eru forsendurnar þær að hegðun sé meðfædd en ekki lærd í gegnum menninguna (Mascia-Lees og Black, 2000: 2-3).

Þessar tvær kenningar voru þó ekki langlífur. Menn sögðu að ekki væri hægt að setja náttúru, menningu, almennt og sértækt allt í sama flokkinn þegar samanburður á sögulegri og menningarlegri breytu er annarsvegur. Þessar breytur á kyngervi væri heldur ekki hægt að nota yfir allan heiminn. Ef við ætluðum að taka fyrir alla kvenmenn þyrfti að taka fleiri breytur inn í myndina, eins og húðlit og kynhneigð og mismunandi stöðu kvenna í heiminum hvað varðar efnahagslega þætti (Moore, 1994: 11).

Moore (1994: 2) bendir einnig á að þegar fræðimenn skoða stöðu og hlutverk hvers og eins sé ekki nóg að skoða bara mikilvægi rýmisins, við þurfum að taka upplifun einstaklinga með í reikninginn og öðlast skilning á hans túlkun. Slíkt getur þó verið vandasamt þegar rými

er skoðað út frá valdi. Umræða um þessi vandamál hafa víða verið rædd, en vandamálið er í raun að dregið er úr upplifun sumra í gegnum tungumál og önnur öfl sem stýra skilningi okkar, frá því að vera eitthvað sem er vitað, yfir í að vera eitthvað sem hægt er að tala um. Rannsóknir femínískra mannfræðinga leiddu svo fljótt til nánari útlistunar á hugtakinu kyngervi og félagslegu hlutverki þess innan samfélagsins. Það nær yfir samspil valds og kyns og hvernig það orsakar að lokum hlutskipti einstaklingsins í pólitík og félagslegri stöðu sem að lokum leiðir til efnahags (Ferraro og Andreatta, 2011: 83). Femínískir mannfræðingar eins og Parezo hafa bent á og gagnrýnt kynjaslagsíðuna í sögu mannfræðinnar og segja að konur hafi lengst af verið ósýnilegar í fræðunum. Þá hafa þeir einnig bent á áhrif kyns á etnógrafiuna, þær hafi verið skrifaðar af karlmönnum og þá aðallega um karlmenn í framandi samfélögum, en einnig fyrir aðra karlmenn í fræðunum. Staða konunnar á vettvangi er hins vegar önnur því íbúar þeirra samfélaga sem verið er að rannsaka eru ekki alltaf vanir kvenmanni í þessari stöðu. Slíkt getur þó bæði verið jákvætt og neikvætt (Kristín Loftsdóttir, 2010).

## 2.2 Kyngervi

Kyngervi hefur verið skilgreint sem félagslega áunnið fyrirbæri á meðan kyn er líffræðilegi munurinn á kvenmanni og karlmanni (Moore, 1994). Með því að greina og reyna að skilja hugtakið kyngervi erum við að ögra þeirri almennu hugmynd um að maðurinn sé fastur í líffræðilegu formi og að það séu hans forlög. Þegar við skoðum hugtakið frá félagslegu, menningarlegu og sálfræðilegu sjónarhorni, fáum við betri sýn á samskipti milli karla og kvenna og hvernig það hefur meiri áhrif á kyngervi og sjálfsmynd okkar en líffræðin getur veitt okkur. Í ljósi þessara hugmynda er mikilvægt að greina á milli kyngervis og kyns og svo kynhneigðar, sem eru kynferðislegar athafnir og hegðun (Stolcke, 1993: 20). Eins og kom fram í inngangi þá markar tilkoma hugtaksins í fræðinni aðra bylgju femínískra kenninga (Lewellen, 2003).

Eins og Mascia-Lees og Black (2000: 2) benda á er strákum oftast lýst sem sterkum, heilbrigðum og mjög virkum einstaklingum á meðan stúlkum er lýst sem mjúkum, fíngerðum og óvirkum einstaklingum. Þessar staðhæfingar hafa lengi lifað þrátt fyrir að karlmenn séu í raun berskjaldaðri einstaklingar, enda hafa þeir hærri dánartíðni en konur á öllum aldri fyrir utan meðgöngutíma kvenna. Menningin stjórnar því hvernig karlmennska og kvenleiki eru skilgreind, sem hefur áhrif á einstaklinga á óteljandi vegu allt þeirra líf.

Staðalímyndir sem ýta undir kyngervi eiga rætur sínar að rekja til tvíhyggju eins og óvirkur/ákveðinn, sterkur/aumur, skynsamur/óskynsamur og svo mætti lengi telja. Þessi

tvíhyggja er nú til dags rótgróin í tungumálið og hefur þar af leiðandi mikil áhrif á skilning okkar á umhverfinu. Kynþáttur, stétt og þjóðerni eru klárlega allt saman veigamiklir þættir í lífi hvers og eins en kyn og kyngervi eru sennilega það sem mestu skiptir. Kyngervi og kyn ná yfir alla hópa heims og menning þeirra er óneitanlega órjúfanlegur þáttur hverdagsleikans. Þessar tvær breytur stjórna því hvernig við sjáum heiminn og hvernig aðrir sjá okkur (Whitehead, 2002: 9-10). Ekki eru þó allir fræðimenn sammála um inntak hugtaksins en þó hafa kenningar verið að festa sig jafnt og þétt í sessi. Innan fræðanna hefur hugtakið verið skilgreint sem félagslegt samband karlmanns og kvenmanns en ekki þykir nægjanlega skýrt hvað hugtakið felur í sér pólitískt. Kenningar kyngervis (e. *Gender theory*) skoða samanburð við tengingu og vensl kvenna í samskiptum sínum við karla. Þrátt fyrir að liggja ekki í augum uppi, þá opnar þetta möguleikann á því að skoða mismunandi form á valdi karla yfir konum í mismunandi menningarsamfélögum. Einnig er hægt að rannsaka hvað olli þessum valdamun kynjanna í sögulegu samhengi. Frá þessu sjónarhorni reynir kynjafræðin ekki bara að grafa undan og ögra karlaveldinu heldur reynir kenningin einnig að skýra út félagslegan ójöfnuð kynjanna frá grunni. Frá þessum útgangspunkti er markmiðið ekki að konur líkist körlum sem mest, heldur að breyta hugmyndum um kyngervi á róttækan hátt (Stolcke, 1993: 20).

Þar sem kyngervi endurspeglar í raun túlkun menningar á líkamleika hlýtur kyngervi að vera breytilegt rétt eins og menningin sjálf. Sú virkni sem við sjáum flæða um samfélagið í gegnum menninguna er í raun ekki undraverð heldur eðlilegt flæði. Skilgreiningar mannfræðinga á hugtakinu menningu eru þær að menning sé mótuð af þeim einstaklingum sem mynda hvert samfélag fyrir sig. Á endanum er það svo menningin sem mótar einstaklinginn í bland við sögu og umhverfisaðstæður. Ef við gefum okkur þessar forsendur hlýtur að vera hægt að breyta hugmyndum samfélagsins til kyngervis, jafnvel þótt að slík breyting þurfi að fara í gegnum langt og strangt ferli (Mascia-Lees og Black, 2000: 2). Eins og Stolcke (1993: 20) bendir á myndi slíkt kosta gríðarlega mikla vinnu, og þyrfti að vinna bug á öllum félagslegum ójöfnuði, sem enn þann dag í dag er fjarlægur draumur.

### **2.3 Karlmennska**

Kvenleiki og karlmennska geta tekið á sig margar birtingarmyndir kyngervis. Að sjálfsögðu er breytan fyrir kyngervi margvísleg eftir menningu hvers samfélags. Í sumum samfélögum er hugmyndin sú að kyngervi taki á sig tvær myndir, eina kvenlæga og aðra karllæga. Þær standa fyrir sitthvort kynið og séu gagnkvæmar. Ekki eru hugmyndir um kyngervi alltaf svo innrammaðar, á öðrum stöðum er mótun kyngervis meira eins og ákveðið ferli. Þar raðast eiginleikarnir sem við skilgreinum sem kvenlægir og karllægir upp í ákveðin þrep eftir

gæðum, í staðinn fyrir að vera fyrirfram flokkaðar birtingarmyndir (Moore, 1994). Gledhill (2000: 27) bendir á að mikilvægt sé að horfa ekki bara á kyngervi frá sjónarhorni karla. Með því að tala um gefin kynhlutverk séum við að gefa okkur þær forsendur að til séu aðskilin hlutverk karla og kvenna. Karlmennska og kvenleiki verða aðeins skilin í tengslum við hvort annað.

Hugtakið karlmennska hefur átt góðu gengi að fagna á síðastliðnum árum og hefur dreift vel úr sér yfir menningarleg landssvæði heimsins. Uppruni hugtaksins nær aftur til nítjándu aldar og á upptök sín í latneska orðinu *masculinus*. Ef við berum hugtakið saman við tvö önnur hugtök sem voru algeng í orðaforða manna á Viktoríska og Edwardíska tímabilinu, karlmannlegur/djarfur (e. *manly*) og karlmennska/drengskapur (e. *manliness*) þá gat karlmannlegur til dæmis bæði þýtt að vera guðhræddur og að lifa skírlífi samkvæmt kristnum sið. Karlmennska og drengskapur var nánast alltaf háð því og skilgreint út frá því hvaða stétt þú tilheyrðir (Whitehead, 2002: 14). Sagnfræðingar vilja meina að til þess að skilgreina karlmennsku, þá þurfi að fara langt aftur í söguna og skoða uppbyggingu á félagslegum stofnunum og efnahagsuppbyggingu. Karlmennska er flóknari en að vera einungis hugmynd sem einstaklingur hefur í kollinum eða afsprengi persónulegrar sjálfsmýndar hans. Slíkar hugmyndir eru útbreiddar um hnöttinn og er slíkum hugsunarhætti viðhaldið í gegnum skipulögð félagsleg samskipti manna (Connell, 2005: 29).

Freud hélt því fram að kynhneigð og kyngervi væri ekki sjálfsprottið af náttúrunnar hendi, heldur væri afleiðing langs ferils átaka og baráttu foreldris og afkvæmis. Þegar einstaklingur er á unglingsárum þá koma upp hvatir í honum og hann gírnist annað foreldrið en hatar hitt, þetta kallaði Freud „Ödipusarduld“ og kemur fyrir stráka jafnt sem stúlkur. Það var þó eitt sem gekk yfir stráka en ekki stúlkur, og það var hræðsla við geldingu af hálfu annars aðilans í baráttunni og verður það að teljast tákn um að halda karlmennskunni (Connell, 2005: 7-9). Whitehead bendir á að þegar karlmenn og karlmennska eru skoðuð út frá gagnrýnu sjónarhorni verður ekki komist hjá því að skoða sambandið á milli karlmennskunnar sem liggur fyrir sem óflokkað félagslegt fyrirbæri og svo náttúrulegar hvatir og hegðun sem þykja til vandræða í vestrænu samfélagi (Whitehead, 2002: 9).

Hugmyndir um kynhlutverk (e. *sex role*) eru orðnar svo samofnar menningu okkar og tungu að enginn spáir lengur í því hvað það raunverulega þýðir. Uppruni orðsins hlutverk (e. *role*) sem hugtak til að útskýra hegðun fólks í félagsvísindum nær ekki svo langt aftur í tímann, eða aftur til fjórða áratugarins. Hugtakið þótti hentugt til að lýsa hlutverki og staðsetningu í félagslegu kerfi þar sem norm skipa stóran sess. Í kringum sjötta áratuginn

hafði hugtakið skipað sér í sess sem venjubundið hugtak í skrifum fræðimanna á borð við mannfræðinga, félagsfræðinga og sálfræðinga (Connell, 2005: 22).

Kynhlutverk hafa verið skilgreind sem gagnvirk hlutverk, það er að nauðsynlegt sé að hlutverkin vinni á móti hvort öðru. Þetta leiðir af sér að mismunandi skilningur og skynjun á hinu félagslega verður á milli kynjanna. Túlkun á muninum á milli kynjanna sjálfra verður ýkja mikill, á meðan minni áhersla er lögð á þætti eins og kynþátt, stétt eða kynhneigð innan sama kyns. Kenningin gefur einfaldlega til kynna að hún hafi hunsað samkynhneigða og haft lítið að segja um kynþátt og þjóðerni þegar kom að því að skoða kynhlutverk karla (Connell, 2005: 26). Hugtakið skörun hefur verið vinsælt í umræðu fræðimanna á síðustu árum. (Guðbjört Guðjónsdóttir og Kristín Loftsdóttir, 2009). Kimberlé Crenshaw hefur verið eignað hugtakið en hún setti það fyrst fram árið 1989 til að lýsa fjölþættri mismunun á bandarískum konum af afrískum uppruna. Hugtakið undirstrikar mikilvægi þess að skoða ólíkar breytur sem hafa áhrif á sjálfsmynd einstaklinga, svo sem kynþátt, trúhneigð, stétt og kynferði. Hugtakið tekur einnig á því hvernig þessir ólíku þættir spila saman í mismunandi aðstæðum og á mismunandi tímum. Það sem einstaklingur upplifir í gegnum hörundslit, kyngervi eða trúarbrögð getur aldrei verið það sama, heldur veltur upplifunin á þeim fjölbreytileika sem býr að baki hvers staðar og rýmis fyrir sig. Samfélög eru í stöðugu ferli sem við gætum kallað samveruleikann. Samveruleiki (e. *Intersubjectivity*) og orðræða um líkamleika munu alltaf stýrast eða vera litaðar af skoðunum samfélagsins til kyngervis, kynþáttar og þjóðernis og eru þetta allt breytur sem hafa áhrif á sjálfsmynd okkar. Í aðstæðum þar sem samskipti eiga sér stað skiptir líkaminn miklu máli í því hvernig aðrir sjá okkur. Það hefur síðan gríðarleg áhrif á hvernig við túlkum aðstæður og reynslu okkar. Reynsla er þannig háð samveruleikanum og líkamleika okkar, en er ekki eitthvað sem er einungis einstaklingsbundið og stöðugt heldur félagslegt og breytilegt (Moore, 1994: 3).

Whitehead, segir að í þeim heimi sem við gætum kallað hinn „venjulega heim“, þar sem karlmenn sýna oft ofbeldisfulla, þvingandi eða kúgandi hegðun er orðræðan oft sú að slík hegðun sé karlmönnum eðlislæg sem náttúrulegt fyrirbrigði af karlmennsku. Samkvæmt Sleaf (1998) er slík orðræða einungis til þess fallin að ýta undir hugmyndir um karlmennsku og kvenleika. Með slíkum útskýringum er verið að segja að slík hegðun sé föst í eðli karlmanns og sé þess vegna óumflýjanleg í samfélagslegum raunveruleika. Eitt af grundvallarmarkmiðum femínískrar umræðu og nálgunar er að gagnrýna eða jafnvel óvirkja slíka umræðu þar sem endanlegt markmið er að stöðva þá hugmyndafræði sem ýtir undir karlaveldi í samfélaginu. Enn fremur er það eitt af markmiðum félagsfræðinnar að skoða

karlmennsku til hlítar, og rannsaka hana þannig að einn daginn verði mögulegt að skilja hana og þar með að hægt verði að ráða í hvað það er sem stendur í vegi fyrir því að kynin geti lifað á jafnréttisgrundvelli (Whitehead, 2002: 8). Hugmyndir Connell um ríkjandi karlmennsku eru ein af þeim leiðum sem fræðimenn hafa notast við til að öðlast skilning á karlmennsku.

Það má segja að hegemonísk eða ríkjandi (e. *hegemony*) karlmennska hafi verið rauður þráður í fræðum um karlmennsku. Eins og Connell benti á eru ávallt nokkrar ímyndir karlmennsku viðgangandi á sama tíma. Þessar ímyndir raðast ekki jafnt upp, heldur í ákveðið valdakerfi, aðrar eru ríkjandi á meðan sumar eru kúgaðar (Connell, 2000: 10). Antonio Gramsci kemur fram með hugtakið hegemonía á fjórða áratug síðustu aldar. Innihald hugtaksins vísar til ráðandi stéttar eða hóps í samfélaginu sem setur reglurnar og gildin fyrir allt samfélagið. Fuller talar einnig um hegemoníska (ráðandi eða ríkjandi) karlmennsku og segir að nýlegar menningarafurðir séu mikilvæg uppspretta þegar kemur að því að rannsaka kyngervi, þar á meðal íþróttir og fjölmiðlavæðingu þeirra. Þetta er gert með því að rannsaka hvernig sjónvarpsvæðing íþróttar hefur áhrif á ríkjandi hugmyndir um karlmennsku. Auglýsingar ýta bæði undir ríkjandi hugmyndafræði samfélagsins og tryggja í leiðinni að þær stofnanir sem hafi hagsmuni að gæta geti fest sig í sessi og viðhaldið sér (Fuller, 2006: 5).

Margir fræðimenn, þar á meðal Connell, segja að ekki sé hægt að tala um karlmennsku sem eitt ákveðið fyrirbrigði. Ekki er til ákveðið snið af karlmennsku sem nær yfir allan heiminn. Mismunandi menning á mismunandi tímum býður upp á mismunandi uppbyggingu á kyngervi. Í þeim fjölmenningsarsamfélögum sem við höfum séð þróast á undanförunum árum eru margar mismunandi hugmyndir fólks um karlmennsku og hvernig ávinna skal sér sannan manndóm (Connell, 2000: 10). Chris Dolan segir að hugmyndir um ríkjandi karlmennsku séu verkfæri ríkisins. Þá sé einkum verið að tengja hugmyndir um ríkjandi karlmennsku við ákveðin þjóðerni og kynþætti. Þetta dregur úr pólitískri hagsýni fyrir bæði einstaklinga og minni hópa samfélaga (Dolan, 2002: 81). Ríkjandi karlmennska þarf hinsvegar ekki að vera sú algengasta, hvað þá sú sem er hvað auðveldust að ávinna sér. Þvert á móti lifa flestir karlmenn við þann veruleika að ríkjandi hugmyndir um karlmennsku eru fjarstæðukenndar í þeirra samfélagi. Íþróttamenn eru gott dæmi. Þeir eru fyrirmyndir annarra karlmannna, en þeir lifa ekki í sama raunveruleika og aðrir. Til að halda þeim stöðum sem þeir hafa áunnið sér þurfa þeir jafnvel að þola mikinn líkamlegan og andlegan sársauka. Viðhald á hugmyndum sem þessum getur farið fram fyrir luktum dyrum án þess að nokkur verði þess var, en einnig getur slíkt farið fram með ofbeldi og látum eins og þegar hómófóbía á sér stað (Connell, 2000: 11). Hugmyndir Connell um ríkjandi karlmennsku marka tímamót í karlafræðum. Margir



fræðimenn hafa tekið hugmyndir hennar upp og þar á meðal Prem Vijayan (2002: 35), sem segir að hugmyndin um ríkjandi karlmennsku sé undirstaða þess að viðhalda feðraveldinu. Vitaskuld eru megin áherslur ekki alltaf þær sömu á milli samfélaga og taka breytingum eftir því hvað talið er vera ríkjandi karlmennska. Það sem feðraveldin eiga þó öll sameiginlegt er að aðstæður eru þannig að karlmenn eru ráðandi kynið í samfélaginu. Ekki nóg með það, heldur er ákveðinn hópur karlmanna hafinn yfir aðra karlmenn, svo sem eldri, yngri og veikburðari menn. Einnig sjáum við slíkt þegar kemur að kynþætti og stéttaskiptingu. Hugmyndir Vijayan eru í samræmi við hugmyndir Cleaver (2002: 7) sem bendir á að mikilvægt sé að skoða stétt, kynþátt og aldur til að öðlast skilning á því hvernig lífi karla og kvenna sé háttað og hvernig þau tengjast.

Það er fátt jafn mikið hitamál og tilgátur, sögusagnir, hugmyndafræði og jafnvel mistúlkanir á umræðu sem fræðimenn og aðrir leggja fram um náttúru, erfðir, uppeldi og eðlilega hegðun kvenna og karla. Það þarf ekki að leita lengi til að taka eftir ákveðnum gildum í samfélagi okkar og til að sjá að kynhlutverk okkar viðhalda ákveðnu jafnvægi í samfélaginu. Þetta stuðlar að ójöfnuði milli kynjanna og viðheldur karlaveldinu með misskiptingu auðs, takmarkar eða auðveldar ákvarðanir um lífstíl, og það sem skiptir sennilega mestu máli; viðheldur uppbyggingu og mótun tungumálsins. Með því að tala um kynin sem sitthvora eininguna ýtum við undir og viðhöldum „náttúru/menningar“ tvíhyggjunni og styrkjum okkar skilning á raunveruleikanum og þeim stað sem okkur er gefið að skilgreina okkur innan (Whitehead, 2002).

Archetti (1999: 113) bendir á að mismunandi ímyndir og tegundir af hegðun sem rekja má til karlmennsku eru ekki alltaf þær sömu, þær geta til dæmis verið í mótsögn við hvor aðra og/eða óljósar. Að því gefnu er mikilvægt að skoða og reyna að fanga margbreytileikann sem býr að baki karlmennsku og nota hann til að styrkja þá skoðun að ekki sé hægt að túlka karlmennsku sem eitthvað ákveðið alheimsfyrirbæri. Ekki er hægt að neita því að einhverskonar ríkjandi karlmennskuímyndir séu til, sem skilgreini hvernig sé að vera „alvöru“ karlmaður. Hins vegar er ekki hægt að segja að einungis sé ein leið til að verða að alvöru karlmanni.

David Gilmore (Archetti, 1999 og Connell, 2005: 32-33) er mannfræðingur sem rannsakað hefur karlmennsku hvað mest á undanförunum árum. Hann vill meina að mannfræðin sé eins og náma þar sem hægt sé að sækja sér þekkingu á karlmennsku og karlmönnum. Tilgangurinn með rannsóknum Gilmore var að athuga hvort það væri hægt að finna grundvöll fyrir almennar alhæfingar á karlmennsku með það fyrir ljósi að svara því

hvort til væri ein ákveðin uppbygging á manndómi og eitthvað sem mætti kalla hina fullkomnu ímynd karlmennskunnar?

Gilmore komst að því að erfitt væri að ávinna sér manndóm, en það væri einungis gert með því að berjast og strita lengi í sérstaklega karllægu umhverfi. Auk þess yrði það að vera bundið ákveðnum helgisiðum þar sem einstaklingurinn ávinnur sér manndóminn og kemst upp á hærra stig félagslegrar stöðu. Kenningar Gilmore eru bundnar við hugmyndir kynhlutverka og hafa þar af leiðandi orðið fyrir gagnrýni eins og þá að hann sé að reyna að heimfæra pösítívíska hugmyndafræði yfir á hugmyndir um karlmennsku (Connell, 2005: 32-33).

## 2.4 Kynhneigð

Nauðsynlegt er að skoða sambandið á milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra þegar kemur að því að skoða sjálfsmyndir og staðalímyndir á samkynhneigðum íþróttamönnum. Hollenski þjóðfélagsfræðingurinn Gert Hekma hefur rannsakað þessa tvíhyggju í tengslum við íþróttir. Hann notaði bæði eigindlegar og meginlegar aðferðir til að rannsaka frásagnir af mismunun, tegundum mismununar og afleiðingum þeirra. Hann komst að því að sjálfsmyndir samkynhneigðra hafa beðið hnekki vegna þeirrar hómófóbíu sem gagnkynhneigðir stuðla að. Hekma segir að í gegnum íþróttir séu hugmyndir um hómófóbíu lögmeðdar og styrki þannig fyrirfram settar hugmyndir um að gagnkynhneigð sé það eina rétta. Hekma komst að því að í íþróttum er ekki til það sem kalla mætti öruggt rými fyrir samkynhneigða (Johnson og Kivel, 2007: 96).

Johnson og Kivel (2007: 97-98) halda áfram og segja að Foucault hafi sett fram þá kenningu að samkynhneigð hafi verið búin til og skilgreind af nútíma starfsstéttum læknisfræðinnar til að geta skilgreint manneskjur eftir því hvernig kynhvöt þeirra stjórnast. Samkynhneigð hefur í sínum víðasta skilningi verið það hugtak sem útskýrir kynferðislegar athafnir fólks af sama kyni. Kenningarlega hefur hins vegar illa tekist að skilgreina hvað felst í því að vera samkynhneigður, hver sé samkynhneigður og eru útskýringar oft tvíræðar. Í sögulegu samhengi kemur í ljós að hugtökin „hommi”, „lesbía”, „tvíkynhneigð” og „gagnkynhneigð” hafi öll verið sköpuð að mestu á síðustu öld. Ef við gefum okkur að hugtakið „samkynhneigð” hafi verið skapað sem flokkunartæki á síðustu öld hlýtur gagnkynhneigð að hafa verið það líka. Hins vegar hefur gagnkynhneigð verið skilgreind sem venjulegt ástand og þess vegna þarfnast hún ekki neinnar útskýringar á tilverurétti sínum. Þær ríkjandi hugmyndir innan menningarinnar, sem eru oftast þær að gagnkynhneigð sé normið, eru valdamiklar. Þeim er hægt að beita sem valdataeki til að undiroka þá sem falla ekki undir

þær staðalímyndir sem samfélagið byggir á kynhneigð (Johnson og Kivel, 2007: 99). Sökum þess hafa samkynhneigðir einstaklingar orðið fyrir barðinu á hómófóbíu.

Hómófóbía vísar til ótta við lesbíur og homma og það hatur og þá fordóma sem óttinn skapar. Sú ríkjandi skoðun um að gagnkynhneigð sé og eigi að vera normið heldur þeim hugmyndum uppi sem þegar eru ríkjandi um kyngervi. Samkvæmt þeim er aðeins um eina tvíhyggju að ræða þegar kemur að kynhneigð og kyni; það venjubundna sem gagnkynhneigðin er og svo hin afbrigðilega samkynhneigð. Konur sem eru óháðar körlum á alla vegu eins og kynferðislega, efnahagslega og félagslega eru taldar ógn við ríkjandi hugmyndir um kyngervi. Það sama má segja um tvo karlmenn sem eiga í kynferðislegu sambandi við hvorn annan því þeir grafa undan ríkjandi hugmyndum um karlmennsku og ógna þannig ríkjandi gildum. Gagnkynhneigð er meðal annars viðhaldið með valdi og ofbeldi (Symons, 2007: 141). Samkvæmt Brackenridge og fleirum er hómófóbísk stríðni þegar einstaklingur stríðir öðrum einstaklingi vegna kynhneigðar hans með það fyrir augum að gera lítið úr honum. Slíkt er gert annað hvort með andlegum eða líkamlegum skaða. Í rannsókn eftir Duncan kom í ljós að versta mögulega ásökun á meðal stráka var að vera sakaður um að vera samkynhneigður. Stríðni sem vísar í hómófóbíu er því öflugt vopn til að styrkja þá hugmynd um að karlmennskuímyndir séu ráðandi í íþróttum og gera lítið úr þeim sem eru öðruvísi en þorri iðkenda. Hjá stelpum er þessu þannig farið að hómófóbísk stríðni er til þess gerð að draga úr kjarki þeirra til þátttöku og afreka í skipulögðum íþróttum. Hjá báðum kynjum hefur innkoma stjórnvalda til að reyna að sporna við stríðni ekki haft erindi sem erfiði (Brackenridge o.fl., 2007: 133).

Rannsóknir sýna að ungir krakkar eru í sérstökum áhættuhóp þegar kemur að stríðni hvað snertir hómófóbíu, bæði hjá þolendum og gerendum. Aldurshópurinn milli 14 og 22 er í mestri hættu hvað varðar eiturlyfjanotkun, andlegt og líkamlegt ofbeldi, einangrun og firringu. Þetta getur á endanum leitt til lélegrar sjálfsmýndar, brottfalls úr námi, þunglyndis og sjálfsmorða eða tilrauna til sjálfsmorða (Symons, 2007: 141-142).

Börn og unglingar eru fljót að taka upp þessa aðferð við stríðni, jafnvel án þess að hafa hugmynd um hvað standi á bakvið hugtakið sem þau nota og án þess að hafa sjálf mótað sína eigin kynhneigð á nokkra vegu. Það að ásakanir um samkynhneigð var af mörgum drengjum talið það versta sem þeir upplifðu leiðir okkur að þeim athugunum sem segja okkur að slík notkun á hugtakinu sé í raun samlíking við eitthvað sem er veikburða og varnarlaust, frekar en að meiningin felist að fullu í samkynhneigðinni sjálfri. Hún er engu að síður jafn niðrandi fyrir þolandann (Brackenridge o.fl., 2007: 127).

Samkvæmt nýlegum rannsóknum á karlmennsku í skólaumhverfi kemur í ljós að hugmyndir um staðalímyndir kyngerva eru ekki bara lærðar í gegnum námskránnu, heldur einnig í því hvernig bæði kennarar og nemendur haga sér. Meðal stráka eru sumir strákar kallaðir hommar og þeim er strítt á því, svo eru það þeir sem eru virkilega hommar og þeir eru oft útilokaðir. Þetta er gott dæmi um leið til þess að raska ekki valdajafnvæginu milli gagnkynhneigðra og samkynhneigðra. Hjá stelpum er það þannig að ef einhver stúlka ætlar að reyna á valdajafnvægið í hópnum eða ögrar öðrum hópi, gæti hún orðið fyrir upphrópunum (Brackenridge o.fl., 2007: 124). Í öllum samfélögum þurfa samkynhneigðir að þola misrétti og er slíkt vandamál landlægt um heim allan. Í flestum löndum þurfa samkynhneigðir að búa við andlegt ofbeldi, en á mörgum stöðum viðgengst líkamlegt ofbeldi sem jafnan getur verið á vegum hins opinbera (Symons, 2007: 142).

Í heildina litið gerir hómófóbía heim íþróttanna að fjandsamlegum veruleika fyrir samkynhneigða íþróttamenn. Aðstæður þeirra eru verstar þar sem samkeppnin er hvað hörðust í atvinnumannadeildum og þar sem sviðsljós fjölmiðla spila stórt hlutverk og mikil fjármunir eru í húfi. Þar eru menn stimplaðir, útskúfaðir og mismunað án nokkurar fyrirhafnar. Slíkt andrúmsloft hefur vitaskuld áhrif á íþróttamenn og leikgleði þeirra, ferillinn út á við og fjárhag þeirra. Þá er eins gott að halda sér eins langt inni í skápnum til þess að sleppa við svívirðingar sem gætu neytt þá til að hætta keppni í sinni grein (Symons, 2007: 142).

## 2.5 Vald

Þegar kemur að umfjöllun um karlmennsku og mótun kyngervis, liggur í augum uppi að vald getur haft gríðarleg áhrif á mótun þessara þátta. Franski póst-strúktúralistinn og fyrirbærafræðingurinn Michel Foucault talar um mikilvægi þess að skoða tungumálið og orðræðu (e. *discourses*), því þannig geti fólk endurspeglad sjálft sig. Í orðræðunni felst ákveðin þekking sem endurspeglar vald í samfélaginu (Mascia-Lees og Black, 2000: 81). Foucault vildi meina að vald sem fyrirbæri væri erfitt að meðhöndla, enda sé þetta lúmskt afl sem umlykur og tengist í gegnum umræðu og þekkingu. Vald þetta er samofið öllum mannlegum samskiptum, hegðun sem nútímastofnanir hafa tileinkað sér í gegnum eftirlit, aga og stjórnun (Lewellen, 2003). Mascia-Lees og Black (2000: 82) segja að í gegnum valdhafana sem Foucault talar um sé hugmyndum og hegðun fólks stýrt. Valdhafarnir mynda hugarheim í gegnum orðræðu sem einstaklingar líta á sem heilagan sannleika sem þeir ekki fá breytt. Hins vegar geta einstaklingar fundið merkingu og skapað sér sjálfsmynd innan síns veruleika með því að innræta þau gildi sem orðræðan í hverju samfélagi fyrir sig stjórnar.

Í greininni Facing Power eftir Eric Wolf (1990: 586) er fjallað um vald og hvernig það tengist inn á mannfræðina. Það fyrsta sem Wolf nefnir er vald einstaklinga eða ákveðinna persóna sem hafa einhvern mátt eða yfirburðagetu- eða stöðu í samfélaginu. Sem dæmi má nefna einstakling sem hefur vald vegna þess hversu hæfileikaríkur hann er eða einstakling sem hefur fengið valdið í vöggugjöf. Þetta hjálpar einstaklingnum í valdatafli samfélagsins en segir okkur ekkert um hvað þetta valdatafl snýst. Næst nefnir Wolf valdið sem fylgir hæfileikum til þess að koma sér á framfæri og valdið sem felst í því að geta staðið öðrum framur í samfélaginu og í samskiptum við annað fólk (Wolf, 1990: 589).

Til þess að tengja umræðu mína um vald betur við viðfangsefnið er vert að líta til verka félagsfræðingsins Chafetz (1974) sem hefur rannsakað félagslega mótun stráka og stelpna í Bandaríkjunum. Hún tók í fyrsta lagi eftir að drengjum sé kennt að það sé ókarlmannlegt að tjá tilfinningar sínar eða að sýna þarfir sínar á nokkurn hátt. Í öðru lagi er það harðfylgnin og það vald sem fylgir hlutverki karlmennskunnar sem hvetur karlmenn til þess að líta á hvorn annan sem keppinauta. Það væri ekki ráðlegt að tjá keppinaut sínum veikleika sína með því að tala um tilfinningar sínar, er það? Susan Bordo (1999) nefnir einnig að strákar skammist sín oft fyrir að segja frá meiðslum sínum, þeir eigi að taka sársaukanum hljóðlaust, eins og alvöru menn. Chafetz segir að karlmenn tali oft opinskátt um kvenmenn sem þeir beri engar tilfinningar til en séu ekki svo margorðir þegar kemur að því að tjá sig um þá sem þeir í raun elski. Þetta er til marks um hvernig samskiptum á milli karlmannna er oft háttað; það að tala um kynlíf er í lagi svo lengi sem ekki sé farið út í tilfinningar. Að tala um getu sína þegar kemur að kynlífi veiti ákveðna upphefð, en að tala um tilfinningar veitir hið gagnstæða (Chafetz, 1974: 183).

Dæmin hér að ofan frá Chafetz eru góð dæmi um vald sem býr í orðræðunni og er gríðarlega mikilvæg þegar kemur að félagsmótun. Á það sérstaklega við í íþróttum þar sem stöður inni á vellinu eru oftast en ekki mis eftirsóknarverðar. Þetta getur svo fylgt viðkomandi aðilum upp á fullorðinsár. Þegar valdamiklir íþróttamenn klára ferilinn sinn þá opnast jafnan margar dyr og auðvelt getur verið að fá vinnu tengda íþróttum (Messner, 1989). Gjarnan fá þessir menn stöður sem íþróttافرéttamenn og ráða jafnvel hvað er sýnt í sjónvarpinu og hvað ekki. Sleap (1998: 14) segir að út frá gagnrýnni femínískri nálgun megi líta á íþróttir kvenna sem ákveðna hagræðingu eða málamiðlun af hálfu þeirra aflu sem fara með bæði ríkjandi völd og hugmyndafræði í samfélaginu. Þessa staðhæfingu má vel rökstyðja með tölfræði sem sýnir að umfjöllun um kvennaíþróttir eru um 5% af allri íþróttaumfjöllun (Constantine, 2007, 9. Ágúst).

Þegar skoða á vald út frá kenningarlegum ramma, verður að taka með í reikninginn hversu vítt hugtakið er og átta sig á því að valdið komi ekki alltaf frá ápreifanlegu afli. Sem dæmi um þetta má nefna Írönsku uppreisnina árið 1979 þar sem öll vopn og tækni sem konungurinn bjó yfir dugðu ekki til að brjóta á bak aftur þau völd sem klerkurinn Ayatollah Khomeini hafði, þó ekki byggi hann yfir her né hergögnum. Skilgreiningar á valdi verða að taka mið af því hvort það styðjist við ápreifanlegt afl eða ekki. Þannig er hægt að sjá hvort það eigi rætur að rekja til einstaklinga eða stærri félagslegra stofnana (Lewellen, 2003: 88-89).

Cohen skilgreinir vald sem getu til að hafa áhrif á hegðun annarra og/eða þann kraft sem þarf til þess að hafa áhrif á þau gildi sem einstaklingar notast við í samskiptum sín á milli. Hann skiptir einnig valdinu í tvennt. Það vald sem mætti kalla einkavald (e. *private power*), til dæmis vald sem faðir hefur á heimili sínu og svo almennt vald (e. *public power*) (Lewellin, 2003).

### **3 Félagsmótun**

#### **3.1 Félagsleg mótun kynhlutverka**

Femíníski félagsfræðingurinn Janet Chafetz (1974: 181-182) segir að frá unga aldri séu strákar hvattir til að mynda vinatengsl við aðra af sama kyni. Við slík vinatengsl myndast vinahópar sem keppast um að ná fram sameiginlegum markmiðum, oftast en ekki í samkeppni við aðra vinahópa. Segja má að leikir og íþróttir sem krakkar stundi á æskuárunum móti myndun slíkra hópa, sem heldur jafnvel áfram að mótast langt fram yfir unglings skeið. Karlmennt sem hafa myndað tengsl sín á milli halda oft slíkum tengslum mjög lengi. Þetta geta verið vinasambönd í gegnum vinnu, íþróttir, herinn og þeir geta verið spilafélagar eða jafnvel drykkjufélagar. Sá félagsandi sem oft einkennir vinasamband á milli karlmanna er oft á tíðum svolítið grófur og óheflaður. Slík hópamyndun á milli kynja getur ýtt undir þá hugsun að hvetja drengi til að sneiða hjá tengslamyndun við stúlkur til þess að þeir geti átt í venjulegu vinasambandi við aðra drengi. Það er ekki óalgengt að strákar vilji koma því á framfæri við stelpur að þeir eigi nóg að strákavinum. Það sem þeir leiti eftir í félagsskap kvenna sé þá einungis að eiga í ástarsambandi við þær eða í sambandi sem inniheldur eitthvað kynferðislegt, eins og til dæmis bólfélagar.

Stelpur eru látnar leika sér með dúkkuhús, sippa eða leika sér í Parísarhoppi þegar þær eru yngri. Allt eru þetta leikir sem eru frekar einfaldir og hafa fáar reglur. Þegar þær verða eldri er þeim beint í leiki eins og snú-snú, klappstýringar eða dans af öðrum toga. Þessir leikir

hafa líka fáar reglur og eru ekki svo keppnisfullir. Þegar kemur að íþróttum eru sundgreinar, skautar, hestagreinar, golf og tennis allar dæmigerðar sem viðeigandi íþróttir fyrir konur, ekki svo keppnisfullar og reyna lítið á hópefli (Chafetz, 1974: 79-80). Á sama tíma eru strákar látnir spila íþróttir eins og fótbolta, körfubolta, handbolta og ruðning. Allt eru þetta íþróttir þar sem flóknar reglur eru við lýði, sem og mikil samkeppni þar sem keppt er bæði um stöður innan liðsins og svo við önnur lið. Í slíkum íþróttagreinum er stöðug þróun á leikkerfum og samvinna nauðsynleg til að vinna. Á yngri árum eru svo vinsælir leikir meðal stráka með svipaðar kröfur um samvinnu, samkeppni og flókin leikkerfi. Sem dæmi um slíka leiki má nefna löggju og bófa-, kúreka og indíána leiki sem og leiki með tindáta (Chafetz, 1974: 79-80). Með þessu er verið að leggja grunn að ákveðnu kyngervi kynjanna. Tiger (1969: 120) bendir á að íþróttir spili stærri þátt í félagsmótun stráka en stelpna. Tiger gefur sér veiðimanninn sem forsendu á þeirri staðhæfingu. Hann segir að leikmenn myndi ávallt betri tengsl innan liða en leikmenn í sitthvoru liðinu. Það sé vegna sameiginlegra tákna sem þeir hafi á bakvið einkenni liðsins, eins og búninga, litar og merkis sem oft vísa til árásargirni.

Connell (2005: 22) bendir einmitt á að tvær megin leiðir séu til að heimfæra kynhlutverk yfir á kyngervi. Hægt er að nota kynhlutverk til þess að skoða nákvæmlega ákveðnar aðstæður fólks, eins og í tilhugalífínu og í hjónabandi. Hin leiðin, sem er algengari, segir til um að ákveðin hlutverk leiði af sér ákveðnar væntingar til kynjanna. Að vera karlmaður lætur þá haga sér eins og þeir eigi sér að gera og sama með konurnar. Í því samhengi eru þá alltaf tvö kynhlutverk í hverju samfélagi, karllægt og kvenlægt. Karlmennska og kvenleiki má því auðveldlega túlka sem eitthvað sem menn tileinki sér og sé bæði mótað og stjórnað af samfélaginu, sé ákveðin félagsmótun.

Chafetz (1974) bendir einnig á að þegar börn þroskist úr því að leika sér ein í leikjum og yfir í að taka þátt í leikjum með öðrum börnum læri þau smám saman að samfélagið sé byggt á mörgum reglum sem halda samfélaginu saman. Í þeim leikjum og íþróttum sem krakkar taka þátt í læra þau sitt hlutverk sem samfélagið hefur kennt þeim að séu eðlileg í þeirra umhverfi. Þegar krakkar eru enn frekar ungir eru þeir oftast flokkaðir eftir kyni þegar kemur að leik og starfi. Þessir litlu hópar hafa sín eigin norm og reglur, en þessar reglur sem viðgangast hjá þeim má auðveldlega endurspegla í þeim sem eldri eru. Þetta eru oftast en ekki norm og reglur um kynhlutverk sem kynda undir staðalímyndum kynjanna. Frá unga aldri er strákum ýtt út í hópíþróttir þar sem samkeppni er meiri og reglurnar flóknari (Chafetz, 1974: 79-80). Ef kynhlutverkin, karlmennskan (og kvenleiki) eru félagslega mótuð og eitthvað sem hver og einn tileinkar sér, gerir það okkur kleift að breyta hlutverkunum með því að breyta

félagsmótuninni. Þetta er það sem kenningar um kynhlutverk hafa umfram kenningar Freuds, að hægt sé að breyta kynhlutverkunum og aðlaga þau breytingum á samfélagslegum gildum. Þetta ferli getur átt sér stað þegar áhrifamiklar stofnanir í samfélaginu eins og skólar, fjölskylda, fjölmiðlar og aðrir breyta viðhorfum sínum til gildanna (Connell, 2005: 23). Kenningin um kynhlutverk er samt enganveginn gallalaus, en hún hefur fengið á sig gagnrýni fyrir að vera rökfræðilega óljós. Notast er við sama hugtak til að lýsa mismunandi persónulegum hlutum eins og atvinnu, stjórnmalaskoðunum, áhugamálum, stéttarstöðu, kyngervi og öllu því sem getur gert okkur frábrugðin öðrum. Vegna þessara breyta er hætt við að samhengisleysis muni gæta þegar kemur að því að greina félagslega þætti. Það má segja að kynhlutverkakenningin ýki hlutverkin sem eru okkur félagslega skipuð. Á sama tíma gerir kenningin ráð fyrir því að félagsleg hegðun okkar sé gagnkvæm, sem gerir lítið úr ójöfnuði og valdi (Connell, 2005: 26).

Mannfræðin hefur stundum haft það orð á sér að gera hið framandi kunnuglegt og hið kunnuglega framandi og það á ekki síður við um þessar umræður. Mannfræðin reynir að afla skilnings á veruleika og menningu mismunandi hópa út um allan heim. Leggur svo mannfræðin út þekkingu sína þannig að hún geti myndað brú á milli hópa sem hafa algerlega mismunandi hugmyndir um gildi, trú og venjur (Strang, 2009: 2). Hér að neðan verður farið stuttlega yfir þá vitneskju sem mannfræðin hefur lagt til, um að hugmyndir okkar Vesturlandabúa um kyngervi endurspegli ekki endilega hugmyndir annarra jarðarbúa.

Þegar kemur að kyngervi og hlutverkum kynjanna þarf ekki allt að vera með sama sniðinu. Í kringum 1930 lagði Margaret Mead af stað til að rannsaka mismunandi kyngervi meðal nokkurra samfélaga á Papúa Nýju-Gíneu. Þar kom í ljós að á meðal Tchambuli ættbálksins voru konur ríkjandi í samfélaginu og karlmennirnir háðir því sem konurnar sögðu. Það má segja að kvenmennirnir hafi verið meira eins og bandarískir karlmenn sé mið tekið af hegðun þeirra. Á meðal Arapesh ættbálksins var ekki að finna neitt sem mætti túlka sem karlmennsku á bandarískan mælikvarða heldur voru þar allir jafningjar sem hjálpuðust að. Hins vegar voru Mundugumor harðskeyttari við hvorn annan, sama hvort kynið átti í hlut. Margaret Mead ályktaði að mikill margbreytileiki gæti verið á kyngervi á milli samfélaga (Durrenberger og Erem, 2010: 36). Lewellen (2003) tekur dæmi um ættbálk á Filippseyjum sem kallast Agta en þar tóku konur virkan þátt í veiðum og voru einnig virkar í vöruskiptum, þá helst þegar kom að skiptum á þurrkuðu kjöti.

Marilyn Strathern fjallar um kynhlutverk í flókinni greiningu sinni á samfélagi Hagen fólksins á Papúa Nýju-Gíneu. Þar vill hún sýna fram á kyngervi sem ákveðna myndlíkingu (e.



*metaphor*) en ekki kynhlutverk. Sem dæmi má nefna, að ef einhver í samfélaginu segir með fullri sannfæringu að ættbálkurinn hans sé ættbálkur karlmanna, er hann ekki að meina að engar konur séu í ættbálknum. Hann meinar heldur ekki að konurnar í ættbálknum hafi tekið upp kynhlutverk karlmanna heldur er hann að sýna fram á þá getu og það vald sem ættbálkurinn hefur sem sameiginlegur hópur. Málfar og málnotkun þeirra andmælir þannig hugmyndinni um kynjamun og brýtur á bak aftur póstítívískar hugmyndir um manndóm og karlmennsku (Connell, 2005: 33). Póstítívískar hugmyndir passa ekki inn í hugmyndafræði um mótun kyngervis heldur eru kyngervi í breytilegu ferli eins og áður hefur verið fjallað um.

Gledhill (2000) tekur Mexíkó sem dæmi um stað þar sem hugmyndir samfélagsins um kyngervi eru að taka breytingum. Konur eru að fara út á vinnumarkaðinn meira en áður fyrr og dvelja þar lengur. Fyrst um sinn unnu þær fram að hjónabandi og þá tók karlmaðurinn við sem fyrirvinna heimilisins. Breyttar aðstæður í efnahagsmálum hafa orðið til þess að nú geta karlmennirnir einir ekki lengur séð fyrir heimilinu. Þegar konur unnu bara fram að hjónabandi var hugmyndum kyngervisins ekki ógnað ýkja mikið en eftir að giftar konur fóru að vinna hafa hugmyndir um kyngervi kvenna breyst þar sem þær eru núna komnar á ytra svið samfélagsins þar sem karlmenn hafa verið allsráðandi.

Mannfræðin hefur einnig sýnt okkur að fleiri en tvö kyngervi geta verið í sama samfélagi á sama tíma. Hjá mörgum samfélögum sem fyrir voru í Norður-Ameríku þótt algengt að þrjú kyngervi væru við lýði; karlkyns, kvenkyns og svo blandað kyngervi þar á milli. Á meðal Bugis í Indónesíu er kerfið þannig að um 5 ólík kyngervi er að ræða (Strang, 2009: 139).

### **3.2 Manndómsvígslur**

Kenningar Van Gennep um ritúöl og félagslegan hreyfanleika eru vissulega litaðar af þróunarhyggju og ganga nánast einungis út frá karlmönnum og eru vissulega skrifaðar fyrir karlmenn. Það verður því að fara gætilega í gegnum skrif hans enda er *The Rites of Passage* skrifuð fyrir meira en öld síðan. Þó er þetta öndvegisrit á sínu sviði og er margt markvert í henni að finna enn þann dag í dag. Van Gennep (1960: 11) heldur því fram að hægt sé að flokka öll ritúöl í þrjú megin stig, það eru aðskilnaður, umbreyting og enduraðlögun. Mikilvægi þessara þátta geta verið mismunandi eftir einstaklingum og hverju viðfangi fyrir sig. Helgiathafnir sem tengjast útförum eru góð dæmi um aðskilnað, brúðkaup eru góð dæmi um enduraðlögun og getnaður eða trúlofun dæmi um umbreytingu.

Gunnar Þór Jóhannesson og Þórður Kristinsson (2010: 101) segja að líta megi á þrískiptingu Van Gennep á ritúölum þannig að aðskilnaðurinn sé þegar einstaklingur er tekinn

úr sínu venjubundna umhverfi og látinn dveljast með öðrum, oft einstaklingum á sínum aldri eða af sama kyni. Á umbreytingarstiginu eru einstaklingarnir látnir sæta allskonar prófraunum, þetta geta verið líkamlegar jafnt sem huglægar prófraunir til að afla þekkingu og kraftar. Á enduraðlögunartímabilinu snýr einstaklingurinn aftur til sinna heima en sem breyttur maður, hann hefur nú öðlast nýja stöðu í samfélaginu og ber að fylgja henni.

Van Gennep segir að lykillinn að skilningi á ritúölum sé að flokka þau niður. Fyrsta skrefið til að þróa slíka flokkun er að aðskilja öll ritúöl í tvo flokka, skilningsrík (e. *sympathetic*) annarsvegar og smitandi (e. *contagious*) hinsvegar. Skilningsrík ritúöl hafa skírskotun til trúar á gagnkvæmni. Þar reyna menn að tengja saman það sem ekki er snertanlegt og svo það sem er veraldlegt, t.d. hlutur og heild, mynd og alvöru hlutur eða orð og verk. Þessir helgisiðir þóttu tengjast andatrú en ekki voru fræðimenn á eitt sáttir um það. Hin skilningsríku ritúöl beindust svo alfarið að því sem talist gæti til þess veraldlega, þá aðallega að ápreifanlegum hlutum úr föstu efni en þeir gátu allt eins líka verið ápreifanlegir hlutir í hugum manna. Þess vegna eru mörkin milli skilningsríkra og smitandi ritúala ekki alltaf augljós og geta bæði verið andatrúar sem og veraldleg (Gennep, 1960).

Eftir flokkunina hér að ofan er svo hægt að kafa dýpra í gerðir ritúala. Hægt er að tala um bæði bein ritúöl sem og óbein. Dæmi um bein ritúöl er þegar ritúalið á að bera skjótan árangur, þá er viðkomandi ekki með neinn tengilið í gegnum það. Í óbeinu ritúali er oft einhver framliðinn sem virkar sem tengiliður. Að lokum má einnig tala um jákvæð og neikvæð ritúöl. Þau síðarnefndu eru í daglegu tali hin ýmsu tabú (e. *taboo*) sem segja til um hvað má ekki gera. Jákvæð ritúöl jafngilda í raun jákvæðum vilja einstaklinganna (Gennep, 1960: 8).

Victor Turner er vafalaust sá mannfræðingur sem hefur rannsakað tákn og ritúöl hvað mest, ásamt Clifford Geertz. Segja má að þeir félagar hafi svo gott sem skapað og mótað táknræna mannfræði upp á sínar eigin spýtur. Keesing segir að sú tegund af mannfræði sem styðst við tákn til að túlka menningu sé sífellt að verða vinsælli á meðal mannfræðinga. Táknræn mannfræði leitast við að skilja menningu út frá táknum og túlkunum. Eins og Geertz orðaði það þá er menning eins og köngulóavefur, mannfræðingar geta flakkað um, leitað, grafið upp og safnað saman upplýsingum um tákn sem fólk sýnir í daglegu amstri. Í slíkri leit er reynt að finna út hvað þessi tákn merkja og hvort það séu leynd skilaboð á milli þeirra. Þegar menning er skoðuð eins og texti, þá reynir táknhyggjan að lesa eins djúpt í textann og mögulegt er, og spyr spurninga eins og hvernig ritúal geti í einhverri menningu endurspeglað merkingar í daglegu lífi fólks (Keesing, 2006: 258).

Turner (1975: 166) rannsakaði ritúöl á meðal Ndembu fólksins og fleiri samfélaga í Afríku. Turner bendir á að það séu þrír megin útgangspunktur þegar skoða á tákni í ritúölum. Fyrst ber að skoða nöfn tákna, þar næst er það innihald tákna og hvað þau merkja. Að lokum er svo skoðað hvernig tákni birtast okkur sem sköpun mannanna, jafnvel hlutur sem tilheyrir menningunni. Þar erum við kominn með heiti tákna, innihald þeirra og svo hvernig tákni birtast okkur í veraldlegri uppsprettu merkinga. Mörg tákni sem birtast í hinum ýmsu ritúölum standa fyrir merkingar sem eru ólíkar og jafnvel á skjön við hvor aðra en sameinast í eitt tákni við framsetningu ritúalsins. Með þessu er verið að sameina ólík lögmál samfélagsins eins og formgerð, hlutverk og ólíka hópa fólks sem oftast lifa í aðskildu umhverfi (Turner, 1975: 173-174).

Sveinn Eggertsson (2010: 168-169) gerði vettvangsrannsókn á Papúa Nýju-Gíneu þar sem hann dvaldist á meðal Kvermin fólksins. Sveinn fjallar ítarlega um manndómsvígslur og segir meðal annars að tilgangurinn með því að fjarlægja drengina úr kvenlægu umhverfi í karllægt sé byggður á tilvistarlegri skírskotun. Drengirnir munu ekki lengur fá að vera í viðurvist móður sinnar heldur þurfa þeir að halda sig með körlunum og læra þeirra siði. Þessi vígsla er einkum sýnd á táknrænan hátt þar sem drengirnir fá að kynnast andstæðum hita og kulda skógarins. Þá er lögð áhersla á hagnýta hluti, og eru drengirnir teknir út í skóg þar sem veiðar eru kenndar þeim sem eldri eru. Á meðan læra þeir yngri garðyrkju þar sem þeim er kennd tækni til að hreinsa skógarrjóður og hvernig land er brotið til ræktunar. Eftir skógarferðina snúa drengirnir aftur heim í þorpið með band um handlegginn til marks um að þeir hafi staðist prófraunina. Þykja þeir svo breyttir menn að mæður þeirra þykjast stundum ekki þekkja syni sína.

Ef við heimfærum ritúöl Baruya og Kvermin yfir á kenningar Van Gennep kemur bersýnilega í ljós að aðskilnaður á sér stað þegar drengirnir eru teknir frá mæðrum sínum og látinir dveljast meðal karlanna. Þá á aðskilnaður úr kvenlægu rými sér stað sem er fyrsta stig manndómsvígslunnar. Á öðru stigi er svo umbreyting, og hjá báðum hópum þurfa drengirnir að ganga í gegnum líkamlegar sem andlegar þrautir. Þannig umbreytast þeir á táknrænan hátt og fá karllæga húð. Enduraðlögun á sér svo stað þegar drengirnir eru orðnir að karlmönnum og koma aftur inn í samfélagið sem breyttir menn. Þá eru þeir í öðru hlutverki og hafa nýjum skyldum að gegna.

### **3.3 Þekkingaröflun**

Til þess að geta rannsakað og skilið manndómsvígslur sem þessar sem rætt var um hér að ofan, þarf að beita menningarlegri afstæðishyggju. Franz Boas sagði að til þess að

vettvangsrannsóknin ætti að skila árangri þá þyrfti mannfræðingurinn að sneiða hjá allri þjóðhverfu. Nálgast þarf samfélagið sem rannsakað er með hliðsjón af gildum þess og viðmiðum. Þetta fyrirkomulag eða aðferð þekkist sem menningarleg afstæðishyggja (Nanda og Warm, 2009: 48).

Það er nauðsynlegt að fólk geri sér grein fyrir því að mannfræðingar trúa ekki að allar menningarlegar venjur séu af hinu góða eða séu jafnar. Allsstaðar um heiminn og líka í okkar samfélögum gerir fólk hræðilega hluti; þrælahald, mannfórnir og pyntingar eru ennþá hluti af menningu víða um heim. Það eru hlutir sem mannfræðingar ætla ekki að réttlæta með því að skýla sér á bakvið menningarlega afstæðishyggju. Hinsvegar eru mannfræðingar að reyna að skilja hvernig margbreytileiki menningar virka, þar með talið þá þætti menningar sem helst ættu ekki að eiga heima í samfélögum manna og hvernig fólk lifir með þeim (Nanda og Warm, 2009: 5-6). Boas og fylgjendur hans héldu því fram að mannfræðingar þyrftu að sleppa öllum fordómum til þess að skilja þau samfélög sem rannsökuð eru. Rannsakendur sem færu á vettvang og bjuggust við því að allir hegðuðu sér eins og í því samfélagi sem rannsakandinn ólst upp í myndu koma heim með skekktar niðurstöður sem ekki væri hægt að taka mark á (Nanda og Warm 2009: 48).

Menningarleg afstæðishyggja er mjög mannúðleg, hún þarfnast samúðar og skilnings og krefst algerlega hlutlausra þátttökuathugana sem fela í sér að reyna að fá útskýringar á öllum siðvenjum. Það sem almennt hindrar framgang afstæðishyggjunnar eru tvær ólíkar en jafnframt algengar skoðanir fólks. Í fyrsta lagi er það þjóðhverfan sem hefur neikvæða tilhneigingu til breytinga. Í öðru lagi er það barnsleg tilhneiging fólks um að hugsa um hamingjusama villimanninn (e. *noble savage*) sem lifir einföldu lífi úti í frumskóginum (Ember og Ember, 1990: 15).

Sem dæmi þá hafa mannfræðingar getað notað menningarlega afstæðishyggju til að skoða umskurð kvenna, þar sem fjarlægður er hluti af snípnum eða hann allur fjarlægður. Sumir fræðimenn vilja meina, með afstæðishyggju að vopni, að umskurður kvenna sé afsprengi þeirrar menningar sem hefst við á ákveðnum svæðum og þess vegna er það ekki okkar að dæma né að grípa inn í slíkar aðgerðir. Á hinn bóginn segja menn að slíkar aðgerðir séu hættulegar þar sem sýkingarhætta sé mikil, þær ýti undir kvenhatur og/eða sé afleiðing hennar þar sem verið er að svipta kvenmenn mikilvægum líkamshluta. Umskurður karla hefur ekki þótt eins mikið hitamál og umskurður kvenna enda geta flestir getið sér til um að hann sé ekki eins grimmdarlegur þó afskræming á líkama þeirra sé vissulega fyrir hendi. Á Viktoríu tímabilinu var umskurður á drengjum gerður til að erfiða þeim að stunda sjálfsfróun. Á sama

tíma fóru konur til læknis við móðursýki og meðal lækninga var eitt ráðið að örva sníp kvenna þangað til þær fengu fullnægingu. Sé horft á slíka atburði í sögulegu samhengi sjáum við að mörk milli þess sem er talið vera kynferðislegt og ekki eru oft óljós. Það fer eftir menningu á hverjum stað og tíma hvernig við túlkum hvað sé kynferðislegt og hvað sé það ekki (Durrenberger og Erem, 2010: 39).

Ef við skoðum dæmi Godelier í þessu samhengi, þá komst hann að því að í samfélagi Baruya væru tvö leyndarmál sem væri afar þýðingarmikið að konurnar kæmust ekki að. Það fyrra var að gott væri fyrir þær að innbyrða sæði til að jafna sig eftir fæðingu og á blæðingum. Hitt leyndarmálið var að sæði hefði mátt til að umbreyta drengjunum eftir að hafa verið teknir frá mæðrum sínum og úr því kvenlæga umhverfi sem þær bera með sér. Þegar drengirnir eru teknir frá mæðrum sínum til að hefja manndómsvígsluferli sitt og flytjast yfir í karlahúsið eru þeir látnir drekka sæði í sífellu, jafnvel um nokkurra ára skeið. Þetta þurfa þeir að gera til að öðlast styrk í gegnum sæði þeirra eldri og þannig munu þeir verða stærrí og sterkari en konurnar. Með þessu verða þeir æðri en konurnar, geta stjórnað þeim og haft yfirráð yfir þeim. Þetta er því dæmi um karlavelði í sinni hreinustu mynd (Godelier, 1986: 52).

Mikilvægt er því að skoða hvað sé talið kynferðislegt í hverju samfélagi fyrir sig. Samanburðar rannsóknir á kynferðislegum athöfnum hafa leitt huga okkar að því hvað sé kynferðislegt og hvað ekki. Á sumum svæðum í Papúa Nýju-Gíneu trúir fólk því að náttúran sjálf sjái um að þroska stelpur í að verða að fullmótuðum kvenmönnum, en kvenmenn sjá einnig um að ala upp strákana í samfélaginu. Við það að vera í þeirra umsjón og þar af leiðandi í kvenlægu rými heldur það drengjunum aftur að því að verða að fullvaxta karlmönnum. Þar koma manndómsvígslunar inn, þær slíta drengina frá mæðrum sínum og um leið frá hinu kvenlæga rými sem þeir hafa búið í frá fæðingu. Ritálið fer þannig fram að eldri menn innræta karlmennsku í drengina og gefa þeim styrk til að verða að stríðsmönnum. Sæðið er drifkrafturinn í samfélaginu, það breytir drengjum í karlmenn, gerir konur barnshafandi sem skapar nýja meðlimi og viðheldur þannig samfélaginu (Durrenberger og Erem, 2010: 38). Sæði hefur þar af leiðandi enga kynferðislega skírskotun í hugarheimi Baruya. Önnur samfélög á Papúa Nýju-Gíneu hafa fyrirkomulagið þannig að sæði er komið fyrir í líkama drengja í gegnum endaparmsmök, en það sama á við þar, engin kynferðisleg hugsun. Godelier (1986) bendir einnig á að samkynhneigð viðgangist ekki í þeirra samfélagi og litið sé á slíkt sem viðurstyggt.

Í skilningi Vesturlandabúa væru slíkar athafnir skilgreindar sem kynferðislegar og að öllum líkindum brot gegn lögum. Það er samt ekki víst að slíkar athafnir væru skilgreindar

sem kynferðislegar að nokkru leyti á meðal íbúa Papúa Nýju-Gíneu. Við þurfum að líta á slík ritúöl í mun stærra samhengi. Slík ritúöl fela í sér skipti á kjöti og öðrum mat, auk þess geta þau verið mjög harkaleg þar sem drengir gjarnan kasta upp og blæða. Það gæti gefið villandi niðurstöður að hugsa um slík ritúöl sem kynferðislegt athæfi (Durrenberger og Erem, 2010: 38).

Goðsögur um fornæðraveldi hafa lengi verið til í hugum manna um allan heim. Engar heimildir benda þó til þess að svo hafi einhvern tímann verið, hvorki í etnógrafískum heimildum mannfræðinga né í fornleifauppgröftum (Lewellen, 2003). Goðsögur sem þessar má finna á meðal Baruya en þær segja frá tímum þegar konur voru ráðandi í samfélaginu. Þær hafi svo misst völd sín í hendur karlanna en þetta voru gullaldir sem löngu eru horfnar þar sem næðraveldi ríkti. Ekki er sjáanlegt að reynt sé að snúa aftur til þessara tíma á ný. Þó eru það ákveðnir mannasiðir að játa yfirburði kvenna þegar kemur að hugmyndafræði og huglægum hlutum, jafnvel þó ekkert bendi til þess að þeir yfirburðir séu til staðar. Það sem þessi goðsögn lætur í ljós er réttlæting á því að konur skuli vera valdalausar. Þær hafi verið við völd þegar óöld ríkti og að taka af þeim völdin hafi verið öllum til góðs. Svona eigi valdaskiptin í samfélaginu að vera núna og það sé réttlætingin á sumu af því ofbeldi sem karlmenn beiti konunum (Godelier, 1986: 74). Ef við reynum að rýna í goðsögnina þá sjáum við að þarna er verið að impra á ríkjandi hugmyndum um ríkjandi kyn. Goðsögnin réttlætir valdbeitingu í formi ofbeldis til að ríkjandi hugmyndir geti gengið kynslóða á milli. Til þess að styrkja þessa hugmyndafræði eru strákar teknir frá mæðrum sínum. Öll sú skynjun og hugmyndir þeirra sem koma frá mæðrunum þurfa að vera þurrkaðar út úr huga þeirra. Þeir þurfa að læra að sjá heiminn í nýju ljósi, með fyrirlitningu og skelfingu. Þessi aðskilnaður kynjanna er ekki nægur einn og sér til að breyta strák í fullvaxta mann sem er yfirhafinn kvenmönnum. Hann þarf að sanna yfirburði sína í röð prófrauna sem eru bæði sálrænar og líkamlegar. Þeir giftu, feður þeirra og þeir sem eru á lokastigum manndómsvígslanna (þeir sömu og gefa sæði) hafa yfirumsjón með þrekraunum þeirra sem yngri eru. Hungur, kuldi, svefnleysi, og að verða fyrir almennri niðurlægingu eru dæmi um það sem þeir ganga í gegnum. Það sem áður þótti vera tabú fyrir þessa drengi er afhjúpað og þeim eru settar nýjar reglur eftir því sem þeir styrkjast og verða eldri (Godelier, 1986: 74).

#### **4 Leikurinn**

Til eru heimildir um að leikir af einhverskonar tagi hafi verið stundaðir í svo gott sem flestum samfélögum langt aftur í tímann. Ekki þarf þó að vera og er heldur ólíklegt að þessir leikir hafi verið með sama sniðinu og þeir leikir og íþróttir sem stundaðar eru í dag. Hins vegar

hefur verið bent á að íþróttir eins og þær birtast okkur í dag hafi þróast út frá iðnvæðingunni. Verði því að skoða þær í ljósi fyrri aðstæðna, sem einkenndust af meiri sundrung og mun ofbeldisfyllri veruleika en við þekkjum í dag. Sem dæmi um leiki sem leiknir voru forðum má nefna frumstæða fótboltaleiki sem gengu út á að koma knetti frá einu þorpi yfir í það næsta með ótakmörkuðum fjölda leikmanna. Bjarnar-, nauta- og hanaöt eru einnig dæmi og gamla og blóðuga leiki (Sleap, 1998:1). Lionel Tiger (1969: 115) bendir á að íþróttir hafi sprottið upp úr þjálfun og viðbúnaði fyrir komandi stríðsátök fyrri tíma, þar sem menn þurftu að vera tilbúnir fyrir líkamleg átök við aðra karlmenn.

Hugtakið „íþrótt“ fór að vera notað yfir utandyra athafnir og viðburði á átjándu og nítjándu öld, þá einkum sportveiði á fuglum og fiskum. Hugtakið kemur þó fyrst fram í enskum bókmenntum sem eitthvað sem viðkemur skemmtun, ánægju, dansi eða sem hagnýt kímni gáfa. Ekki leið á löngu þar til íþróttir fóru að tengjast því að móta karlmenn sem herra menn, eða á nítjándu og tuttugustu öldinni, með skírskotun til Grikklands hins forna. Þá var farið að nota hugtakið yfir sjálfsvarnar íþróttir og svo loks var það notað eins og við þekkjum það í dag (Sleap, 1998: 1). Þegar við lítum yfir sögu hugtaksins sjáum við mörg tákni sem margir myndu bendla við karlmennsku, eins og ofbeldi, hörku og blóðug dýraöt.

Erfitt er að skilgreina hugtakið íþrótt þrátt fyrir umfang þess, en það er kannski umfangið sem gerir mönnum svo erfitt fyrir að skilgreina hugtakið. Íþróttir geta verið líkamlega erfiðar jafnt sem hugarleikfimi eða byggðar á nákvæmni. Hins vegar er áhugavert að skoða nálgun félagsfræðinnar á hugtakið. Séð með gleraugum félagsfræðinnar og þar með út frá vestrænu sjónarmiði, eru íþróttir vettvangur sem endurspeglar sömu gildi og eru við lýði í kapítalísku samfélagi. Innan íþróttanna virða menn ákveðnar reglur, beygja sig fyrir yfirvaldinu, áhersla er lögð á mikla samkeppni sem og á gott einstaklingsframlag. Til viðbótar má líta á íþróttir sem vettvang þar sem ungir karlmenn hafi leyfi til að fá útrás innan ákveðinna félagslegra gilda. Þannig megi líta á íþróttir sem félagslegt taumhald sem virði reglur kapítalismans (Sleap, 1998).

Connell (2005: 30) bendir einnig á að ákveðið tæki sem notast hefur verið við til að brúa bilið á milli ofbeldis karlmennskunnar og venjulegrar félagslegrar hegðunar, hafi iðulega verið skipulögð íþróttastarfssemi eins og ruðningur. Sem dæmi um slíkt má nefna þegar aðallinn hitti enska ruðningsliðið eftir að það hafði ferðast um England í kynningarferð. Þótti samkoman hafa verið vel skipulögð og gott dæmi um félagslegt taumhald og hafi aukið eldmóðinn í þjóðinni. Til að taka dæmi sem er nær okkur í tíma þá hafa flestöll vinningslið í

hópiþróttum í Bandaríkjunum verið boðið að hitta forsetann í Hvíta húsinu. (President Obama..., 2012).

Á svipuðum tíma og aðallinn hitti enska ruðningsliðið um aldamótin 1900 voru flestar hópiþróttir að taka á sig mynd í hinum enskumælandi heimi. Íþróttir sem fyrirmyndar tákni um karlmennsku, sem flestum finnst vera afar sjálfsagt nú á dögum, er ekki á neinn hátt af eðlilegum orsökum byggt. Karlmennsku tákni birtast okkur sögulega eins og talað var um hér að ofan, en í þessu dæmi má sjá karlmenskuna vísvitandi setta fram í pólitískum tilgangi (Connell, 2005: 30). Við sjáum líka að á þessum tíma eru kapítalísk hagkerfi að ná fótfestu í hinum vestræna og enskumælandi heimi og ýtir dæmi Connell undir kenningar Sleaf hér að ofan.

Nýlegar rannsóknir femínista hafa leitt það í ljós að skipulögð íþróttastarfsemi sé valdamikil þegar kemur að því að stýra og ýta undir þá hugmyndafræði og það háttarlag að karlmenn séu hærra settir en konur. Það er ekki síst hroki íþróttanna og víðfeðmt hlutverk þeirra sem dreifa hugmyndum um ríkjandi stöðu karla sem og sögulega skírskotun í yfirráð karla í gegnum aldirnar og undirgefni kvenna. Oft er gert lítið úr íþróttum kvenna, sem og kvenkyns íþróttamönnum sem er oftast en ekki líkt við ákveðnar staðalímyndir um kvenmenn frekar en keppinauta. Orðræða og umræða skipa stóran sess í að gera lítið úr íþróttum kvenna (Segrave, McDowell og King III, 2006: 31).

Michael A. Messner (1989: 60) er sennilega sá félagsfræðingur sem rannsakað hefur kyngervi og karlmennsku í tengslum við íþróttir sem mest. Messner segir að með vaxandi áhuga og skrifum á kynja- og femínískum fræðum, hafi áhugi fræðimanna á karlafræðum einnig orðið meiri. Eins og áður hefur komið fram hefur femínisminn og kynjafræðin verið gagnrýndar fyrir að beina rannsóknum sínum of mikið að konum í vestrænum heimi. Karlafræðin hefur einnig orðið fyrir slíkum ásökunum. Bent hefur verið á að til að færa fræðin yfir á minnihluta og þá sem neðar eru staðsettir í samfélaginu þurfi að byggja rannsóknir meira á gagnrýni á formgerð félagslegra stofnana í stað þess að einbeita sér að einstaklingnum sjálfum. Á sumum sviðum karlafræðanna eru menn farnir að skoða gerð stofnana, en þá hefur lítið verið rannsakað eina afar karllæga stofnun sem eru skipulagðar íþróttir og íþróttafélög. Slíkar stofnanir eru kjörnar til þess að skoða karlmenn og karlmennsku, en þegar farið er í slíkar rannsóknir verður ekki hjá því komist að breytur eins og kynþáttur og stéttarstaða spili stóran þátt (Messner, 1989: 60).

Strang bendir á að íþróttir geti verið á svipuðum stelli og trúrækin bræðralög þegar kemur að mótun kyngervis. Persónuleg og félagsleg gildi sameinast á einu sviði þegar



leikmenn og áhorfendur koma saman í því félagslega ritúali sem íþróttaviðburður er (Strang, 2009). Fyrrum rannsóknir á tengslum karlmennsku og íþróttu benda á að ungir drengir læri að verða að alvöru karlmönnum í félagslegu umhverfi íþróttanna. Þar læra þeir réttu gildin og hvernig þeir skuli haga sér, þeir læri á samkeppni, að vera harðir af sér og að vinna, sama hvað það kostar (Messner, 1989: 62-63). Innan liðsins þurfa allir að fórna sér og taka líkamlegar áhættur. Ofbeldi í íþróttum er oftast á milli liða en ekki innan þess. Það er til marks um viðurkenningu á einstaklingi ef hann fórnar sér fyrir liðið. Jafnvel þó stundaðar séu einstaklingsmiðaðar íþróttir eins og sund, glímu eða hlaup (Tiger, 1969: 121). Allt eru þetta gildi sem eiga að vísa til karlmennsku. Þessar rannsóknir benda með þessu móti á að ungir strákar mæti á sína fyrstu æfingu ómótaðir og læri svo gildi karlmennskunnar þar eftir. Aðrir vilja meina að þessar rannsóknir hafi yfirsést að þessir drengir mæti vissulega með ákveðnar hugmyndir í kollinum um kyngervi sitt sem hefur áhrif á hvernig þeir þroskist sem einstaklingar (Messner, 1989: 62-63).

Femínísk sálgreining og þær kenningar sem karlafræðin hefur þróað með sér eru góð tæki til að rannsaka bæði áhuga og þá hvatningu sem strákar hafa og fá til að stunda íþróttir. Slíkar rannsóknir á kyngervi geta þó ekki skýrt til fulls þær útlínur og ákvarðanir sem liggja að baki lífi einstaklings. Það verður að taka með í reikninginn náttúrulegt eðli karlmennskunnar eins og hún þróast innra með okkur í bland við hið félagslega (Messner, 1989: 64). Fuller talar hins vegar fyrir því að hugmyndir um karlmennsku séu bundnar við hið menningarlega, til dæmis eru hugmyndir um líkamann oft tengdar erótískri hugsun þar sem líkaminn er eitthvað til að þrá. Í nánast öllum menningum eru menn aldir upp við að eiga að vera ögrandi en konur eiga að vera fórnarlömb. Slíkt hið sama hefur verið upp á borðinu þegar kemur að íþróttum, litlir strákar halda áfram að æfa íþróttir upp á fullorðinsár á meðan ungum stúlkum hefur verið sagt að þær séu of veikburða til að stunda íþróttir (Fuller, 2006: 6).

Umræðan í kringum íþróttir hefur fylgt karlmennskuímyndinni og þykir oft einkennast af hervæðingu, hún sé kynferðisleg og jafnvel ofbeldisfull. Oft er talað um völlinn sem vígvöll og margar aðrar tengingar mætti finna við hervæðingu. Það sama má svo sjá þegar við skoðum kynferðislegu og ofbeldisfullu lýsingarnar á leiknum, og oft hanga þessi atriði saman. Það er erfitt að finna lýsingar og umræðu á aðeins ljúfari nótum og aðeins er að finna „ást“ í tennis og „koss“ í snóker (Fuller, 2006: 7-8). Íþróttafélög heita oft í höfuðið á dýrum sem erfitt er að veiða, en eru samt veidd. Þetta sjáum við mikið í Bandaríkjunum þar sem heiti liðanna hafa skírskotun til ljóna, tígra, hauka, birna og húna. Slík nafngift á íþróttafélögum getur verið tenging við þá árásargirni sem kemur upp við veiðar (Tiger, 1969: 120).

Femínískir fræðimenn hafa sýnt fram á að skipulögð íþróttastarfsemi gefi körlum ákveðna valdastöðu, sama hvaða bakgrunn þeir hafa, húðlit eða stéttarstöðu. Slíkt hið sama er ekki hægt að heimfæra yfir á ungar stúlkur í íþróttum. Þannig hjálpa íþróttir ungum karlmönnum að byggja upp og réttlæta yferráð þeirra í daglegu lífi og yferráðum þeirra yfir konum. Ekki er þó hægt að heimfæra það sama yfir á alla íþróttaiðkendur. Nýlegar rannsóknir sýna einnig að ekki er síður minni samkeppni á milli karla um yferráð og völd þegar kemur að íþróttum (Messner, 1989: 72). Messner bendir á að svartir karlmenn spili oft en ekki stöður sem eru ekki eins vinsælar og eru alla jafnar hættulegri líkamlega. Þegar ferlinum er lokið og líkaminn er laskaður, eru þeir ekki með sama bakgrunn og hvítir kollegar þeirra og fá ekki sömu störfina á vinnumarkaði (Messner, 1989)

Eitzen (2005: 5) segir að þrátt fyrir að íþróttir virðist vera nokkuð hversdagslegur þáttur af okkar daglega lífi að þá er þessi þáttur afar mikilvægur. Líta má á íþróttir sem skemmtun, hugarsmíð til þess að komast burt frá daglegu amstri vinnunnar og annarra þátta sem snúa að daglegum athöfnum. Þá mætti spyrja sig af hverju við tökum þeim svona alvarlega, víst að íþróttir eru bara leikur? Við skulum líta á fjórar ástæður sem Eitzen telur mestu skipta.

Í fyrsta lagi endurspeglar íþróttir mannlegar raunir. Eitzen tekur dæmi um að í þeim ritúölum sem við sjáum í íþróttum, sjáum við einnig hvað það þýðir að vera manneskja; Leikurinn, áhættan, reynslan, sársaukinn, samvinnan til að ná árangri, spennan og ánægjan við líkamleika og sú nauðsyn að hafa góða aðferð til sigurs. Spennan við að vita ekki hvort maður tapi eða sigri og það sem kannski er mikilvægast, sú víska um að ekkert sé fullvisst (Eitzen, 2005, 5). Í öðru lagi endurspeglar íþróttir ekki bara einstaklingsmiðaða þætti samfélagsins. Félagsfræðingar hafa lengi verið hrifnir að íþróttum vegna þess að þar er að finna grundvallar tjáningu á öflum eins og stækkandi efristétt, auglýsingavæðingu, kynþáttafordómum, kynjamisrétti, hómófóbíu, græðgi, arðráni af hinum valdalausum, firringu og þjóðhverfu. Allt eru þetta þættir sem því miður eiga erindi í bæði íþróttum og í samfélaginu í stærri mynd (Eitzen, 2005, 5). Þriðja ástæðan er sú að íþróttir eru oft sameinaðar við áhrifamikla atburði og sjónarspil. Í bandarískum fótbolta sjáum við í upphafi leiks lúðrasveitir sem mynda til dæmis frelsisbjölluna eða fána sem eru jafn stórir og völlurinn sjálfur. Einnig er vinsælt að koma með tengingu við hernað, þar sem endanleg útkoma er aldrei viss með fullu. Í úrslitaleik bandaríska fótboltans fljúga til dæmis herþotur yfir leikvanginn með reyk í fánalitunum og einnig er hermönnum gjarnan veittar orður fyrir leik. Á íþróttaleikjum sjáum við leikmenn samankomna til að framkvæma hetjudáðir. Það er þessi skýrleiki sem fólk vill sjá. Á slíkum

leikjum sjáum við hverjir unnu, hvernig þeir gerðu það og með hversu miklum yfirburðum (Eitzen, 2005, 6). Að lokum eru það svo langanir okkar mannanna til að vera hluti af einhverju stærra en við sjálf erum. Hjá íþróttamönnum væri það að sjálfsögðu að vera hluti af liðinu, að leggja hart að sér og færa fórnir til að ná fram sameiginlegum markmiðum. Hvað viðkemur stuðningsmönnum, þá er það að halda með ákveðnu liði eða styðja sína íþróttahetju, sem kemur hópi einstaklinga saman og þeir mynda með sér sameiginlega sjálfsmynd. Nú á dögum er slíkt reyndar alltaf að verða erfiðara fyrir stuðningsmenn vegna þess hve oft íþróttamenn eru farnir að skipta um lið (Eitzen, 2005, 6).

Symons (2007: 140-141) segir að íþróttir séu ákveðin miðja þegar kemur að mótun karlmennsku í vestrænum heimi. Á þeim tímum sem við lifum á eru tækifærin fá til að sýna og vera hrósað fyrir líkamlegt erfiði. Þannig væri hægt að líta á íþróttir sem eitt af síðustu vígunum þar sem einstaklingur getur sannað karlmennsku sína og sýnt að hann sé sannur karlmaður og yfir aðra hafinn. Íþróttir hafa á undanförunum árum orðið ákveðinn vettvangur fyrir líkamssýningar. Þar eru oft flóknum hugtökum eins og kyni, kyngervi og kynhneigð gerð lítil skil, þau einfölduð og náttúrugerð. Svo sterk hafa þessi tákni um hugmyndir um ríkjandi karlmennsku verið, aðallega vegna þess hversu sjáanleg tákni eru í íþróttaleikjum, að slíkar hugmyndir hafa fest sig í sessi meðal almennings.

Þegar við skoðum samkynhneigð og tengingu hennar við íþróttir kemur margt áhugavert upp á yfirborðið. Tenging þessara hugtaka er enganveginn sú sama þegar litið er á sitthvort kynið, en þrátt fyrir það verður ekki hjá því komist að ímyndir karlmennsku spila stórt hlutverk á báðum sviðum.

#### **4.1 Samkynhneigðir íþróttamenn**

Það andrúmsloft sem samkynhneigðir íþróttamenn mega þola er ávallt verst þegar kemur að hópíþróttum. Rannsóknir sýna að þegar vinatengsl eru að myndast innan hópíþróttar er mikilvægt að fylgja ákveðnum gildum og normum. Þessi gildi og norm byggjast aðallega á útilokun kvenna og ófrægingu á bæði kvenleika og samkynhneigð. Síðast er svo minnst á þann erótíska undirtón á milli drengja í hópíþróttum. Á vellinum geta þeir sýnt hversu megnugir þeir geta verið líkamlega sem karlmenn, en á sama hátt verið tilfinningalega ástríkir og enda svo á því að fara allir saman í sturtu (Symons, 2007: 143). Symons heldur áfram og segir að ódulin hómófóbía og almenn umræða í búningsklefanum um konur sem hluti til kynlífsiðkunar sé góð leið til að bægja frá þeirri erótík sem oft myndast á milli þessara drengja. Jafnvel hafa þjálfarar verið staðnir að því að beita hómófóbíu og kynjamismunum til að hvetja drengi áfram. Slíkt styrkir fyrirframgefnar og ríkjandi hugmyndir um að ekki sé í

lagi að vera samkynhneigður. Hefur það áhrif á berskjaldaðar og ómótaðar hugmyndir drengja um sjálfsmynd sína og kynhneigð. Þetta orsakar því ákveðna útilokun og ófrægingu á hinu kvenlæga og samkynhneigð sem karlmennskuímyndir gagnkynhneigðarinnar eru svo sameiginlega byggðar á. Á endanum er hómófóbía því á pari við sanna karlmennsku í íþróttum. (Symons, 2007: 143).

Hugmyndir um samband á milli kynferðis þeirra sem eru ráðandi og þeirra sem eru undirgefni eru vissulega til staðar. Til þess að koma mannorðsspjöllum á andstæðing sinn er gott að kvengera kynferði hans, með öðrum orðum að kalla hann homma. Ástæðan fyrir þessu er sú að karlmenn eru hlutfallslega líkamlega sterkari en konur og að vera líkt við kvenmann er í raun og veru það sama og að segja að þú sért ekki keppnishæfur við aðra karlmenn. Aftur á móti, ef að kona hefur líkamsburði til að vera samkeppnishæf þá er hún kyngærð og sögð vera ókvenleg. Það er meðal annars gert til að draga úr þrótti kvenna til að keppa og líka vegna þess smánarbletts sem það þykir af mörgum að vera samkynhneigður (Wachs, 2006: 45). Hræðsla við að vera talinn samkynhneigður virðist vera landlæg á meðal bandarískra karlmanna. Karlaður sem nálgast annan karlmann á of náinn máta óttast að menn túlki vinsemd hans óviðeigandi (Chafetz, 1974: 182).

Johnson og Kivel segja að vald karlanna sé fyrst og fremst falið á bakvið gagnkynhneigð. Vegna þessa er samband á milli tveggja lesbískra kvenna oft ekki litið alvarlegum augum. Þær eru sagðar stunda óhefðbundið kynlíf og tilfinningar þeirra á milli þykja af öðrum toga en þegar karlaður er í spilin. Líta mætti á samband tveggja lesbía sem ákveðna þvingun vegna undirgefni kvenna í hinum venjulega heimi. Ef við heimfærum þetta svo yfir á karlana, sjáum við að sá drifkraftur sem tengir kyngervi þeirra við gagnkynhneigð er karlmennska. Karlmennskan er byggð upp á kynferði og í gegnum kynferðið byggjast svo upp hugmyndir um kyngervi þeirra. Ef að karlaður er aftur á móti samkynhneigður gæti þessi röð ruglast og kostað vandræði. Það eru einmitt þessar ríkjandi hugmyndir um hlutverk karla sem gera þeim sem víkja út af sporinu svo erfitt fyrir. Þeir karlar sem gera svo, finnst persónuleiki þeirra oft ónógur og eru óöruggir með sig, þá þurfa þeir að takast á við að vera mismunandi og fyrirlitnir (Johnson og Kivel, 2007: 101). Slíkt gengur þvert á vinsælar staðalímyndir þar sem hinn karlmannlegi einstaklingur er alla jafnan íþróttahetja; stór, sterkur og myndarlegur. Hann er valdamikill og á auðvelt með að heilla stelpur og hefur átt í kynferðislegu sambandi við margar fallegar stelpur (Symons, 2007: 142).

Það er því skiljanlegt að samkynhneigðir karlmenn séu ósýnilegir í jafn óvinveittu og harðneskjulegu umhverfi sem íþróttir eru. Sumir einstaklingar sem ekki hafa komið út úr

skápnunum reyna að sanna karlmennskuna fyrir sjálfum sér og halda því samkynhneigð sinni leyndri. Dæmi um þetta eru Ian Roberts sem spilaði ruðning og svo stofnandi Gay Games og fyrrum ólympíufarinn Tom Waddell. Í þessari karllægu veröld sem íþróttir eru, er mikil líkamleg nálægð, höfnun, ótti og augu almennings sífellt á mönnun. Því er ekki að undra að þessi heimur íþróttar, sérstaklega hópíþróttar skuli vera síðasta vígi þar sem virðist vera í lagi, og jafnvel hylt að beita hómófóbíu með mismunun og svívirðingu fyrir augum (Symons, 2007: 144).

Þegar kemur að kvenkyns íþróttamönnum kemur bersýnilega í ljós að vald karlmannna er umliggjandi í orðræðunni. Segrave, McDowell og King III (2006: 33) fjalla um orðræðu í grein sinn og benda á að stöðugar tilvísanir geta með tímanum komið óorði á íþróttir kvenna og beint athyglinni frá hreysti og afrekum þeirra sem íþróttamönnum. Sem dæmi má nefna að bandaríska kvennarúðningsdeildin hefur margoft lent í þessu og meðal annars hefur leikmaður verið spurður í útvarpsviðtali hvort hún hafi einhvern tíma endað í ákveðinni kynlífsstillingu eftir tæklingu. Það er auðveld leið til að koma óorði á kvenkyns íþróttamenn að kasta fram óhróðri um kynferði þeirra og gera afrek þeirra þannig óeðlileg, afbrigðileg og furðuleg. Öll feðraveldi virðast hafa það í menningu sinni að hlutgera og kyngera kvenmenn og vilja gjarnan að kvenmenn séu veikburða.

Mikið hefur verið skrifað um þróun hugmynda á lesbískri staðalímynd í kvenna íþróttum. Miðpunktur þeirrar umræðu hefur verið aukin þátttaka kvenna í karllægum íþróttum, sama hvort almenningur sé því hlynntur eða ekki. Þetta eru íþróttir eins og líkamsrækt, fótbolli, ruðningur, hnefaleikar og glíma. Þessar greinar eiga það sameiginlegt að vera líkamlegar sem og að stæltir skrokkar iðkendanna eru áberandi. Ekki virðist vera hliðstæða á milli þeirra kvenna sem leggja stund á þessar íþróttagreinar og þeirra ríkjandi karlmennsku í vestrænu samfélagi þar sem konur eru ennþá flokkaðar sem veikburða en karlmenn sterkir og kraftmiklir (Russel, 2007: 106). Goðsögnin um lesbísku ofuríþróttakonuna sem er karlmannleg, líkamlega hraust, sjálfsörugg, samkeppnishæfnari og árásargjarnari en sú gagnkynhneigða spilaði stórt hlutverk á opna ástralska meistaramótinu í tennis árið 1998. Þar sat franska tennis konan Amelie Mauresmo undir því að vera karlmannleg fyrir styrk sinn og það vald sem hún hafði á vellinum. Hún var sögð vera hálfur maður í fyrirsögn í dagblaði nokkru fyrir að eiga kærustu og keppinautur hennar lýsti því yfir að að spila við hana væri eins og að spila við karlmann (Symons, 2007: 145).

Sú tilhneiging að líkja konum við lesbíur er áhrifamikið tæki til að varðveita gömul og hefðbundin landamæri kyngervis, til að geta haft stjórn á íþróttakonum og til að stimpla

konur. Til þess að halda velli í karllægum íþróttahæmi, sérstaklega í íþróttum þar sem kröfur eru á styrk, vald og karlmennsku, þurfa konur stöðugt að sýna fram á kvenleika sinn. Þetta gæti átt ættir að rekja til þeirrar ríkjandi karlmennsku sem þróaðist í íþróttum og er tengd við einkenni líkt og áhættusamar ákvarðanir, yfirráð og árásargirni. Þegar íþróttakona skarar fram úr karlmanni er þessum gildum ógnað og á sama tíma er jafnvægi valdsins raskað. Þannig er kvenleiki ákveðin samlíking við gangkynhneigð kvenna sem er staðlað norm. Með því að gera út á þá ímynd gætu þær sleppt við að vera kallaðar lesbíur eða eitthvað annað sem bendir til framandi kynferðis. Dæmi um slíkt er að sjá allt í kringum okkur, konur nota andlitsfarða í keppnum og keppa í kvenlegum fötum (Symons, 2007: 144-145).

Sú ríkjandi hugmynd um kyngervi í íþróttum er samkynhneigðum ekki í vil. Líta má á íþróttir sem menningarlega upphafningu á karlmennsku. Gagnkynhneigð er fyrirfram ákveðið norm á grundvelli íþróttar og þessvegna þarf samkynhneigður einstaklingur að framandgera sjálfan sig með því að skilgreina sig sem annaðhvort homma eða lesbíu og setja á sig aukna pressu sem gagnkynhneigðir þurfa ekki að búa við. Ef karlmaður sýnir íþróttum ekki áhuga eða stendur sig illa í íþróttum gæti hann átt von á því að vera uppnefndur með tilvísanir í samkynhneigð eins og til dæmis „hommatittur“ (Brackenridge o.fl., 2007: 129). Með því að vera öðruvísi eða hinseginn í daglegum tímum eða íþróttaiðkun, skapast ákveðnar aðstæður. Við þessar aðstæður er meðvitað hægt að hafa áhrif á og breyta því lögmæta valdi sem gagnkynhneigð hefur. Með því að hrista upp í því venjubundna kemur oft í ljós hvar hin eiginlegu völd liggja, af hverju og hvernig þeim sé viðhaldið. Samkynhneigður einstaklingur hefur þar með bein áhrif á valdajafnvægið og getur raskað slíkum valdakerfum. Við slíkt myndast rými til félagslegra breytinga sem endurskapað geta félagslegt rými í tímum og íþróttum til meira jafnréttis (Johnson og Kivel, 2007: 103).

Það umhverfi sem samkynhneigðir íþróttamenn hafa skapað einkennist af einlægni og rými þar sem allir eru velkomnir. Þar eru þjálfarar, stjórnendur og leikmenn velkomnir sama hvernig kynhneigð þeirra er. Að sama skapi eru hreyfingar samkynhneigðra íþróttamanna tilbúnir fyrir opna umræðu hvað varðar hómófóbíu. Slíkar hreyfingar vita að fordómar hafa ávallt áhrif á alla þátttakendur leiksins og að jákvæð stjórnun tryggir að einlægni og innlimun skili betri virkni. Að sama skapi er umhverfi fyrir slíkar hreyfingar að skorum skammti, bæði í Bandaríkjunum og í Ástralíu. Flestar íþróttahreyfingar eru óvinveittar eða sveigjanlegar með ákveðnum skilyrðum. Konur eru í sérstökum áhættuhópi þar sem fjölmiðlar hafa mikil áhrif á ímyndarsköpun þeirra. Það umhverfi sem er hvað best fyrir samkynhneigða einstaklinga er það umhverfi sem er skapað af þeim sjálfum (Symons, 2007: 147).

## 5 Lokaorð

Þegar kemur að mótun og myndun kyngervis í heimi íþróttanna er í mörg horn að líta. Eins og áður hefur komið fram í þessari ritgerð eru hugmyndir um kyngervi mismunandi eftir samfélögum. Kyngervi er byggt á menningu og þeim gildum sem menningunni fylgja. Menningin er hinsvegar í stöðugu ferli og er sífellt að breytast þrátt fyrir að einstaklingar innan tiltekinnar menningar taki oftast ekki eftir því. Þar af leiðandi eru breytingar á hugmyndum til mismunandi kyngerva mögulegar. Þrátt fyrir að slíkar breytingar séu mögulegar þá eru samt sem áður fleiri breytur sem þarf að taka með í reikninginn. Þar er helst að nefna farveg valdsins sem stýrt er af orðræðu ríkjandi afla í samfélaginu. Þeir sem fara með slík völd láta þau ekki af hendi svo auðveldlega og til þess að halda þeim valdalausum niðri er vald orðræðunnar ótvírætt. Það sem ég hef komist að í meginmáli er að hómófóbísk stríðni sé afleiðing þess sem vald orðræðunnar getur leitt af sér. Symons bendir á að hómófóbísk stríðni sé á pari við sanna karlmennsku. Þetta er nokkuð í takt við þær hugmyndir sem við sjáum í kaflanum um kynhneigð; að gagnkynhneigð sé fyrirframgefið norm í samfélaginu en samkynhneigð sé fráviknið sem þarf að vinna fyrir sínum tilverurétti. Sönn karlmennska er þar af leiðandi ávallt í sama farvegi og gagnkynhneigð. Þessar niðurstöður eru í fullkomnu samræmi við hugmyndir Connell um ríkjandi karlmennsku.

Ef við tökum manndómsvígslurnar inn í myndina fáum við annan vinkel á karlmennsku fyrirbærið. Mótun kyngervis í þeim samfélögum sem tekin voru fyrir í þessari ritgerð byggja mikið á ferli manndómsvígsla. Þau ferli sem við sjáum í manndómsvígslunum gefa til kynna að hugmyndir okkur um hvað sé kynferðislegt og hvað ekki eru alls ekki þær sömu um allan heim. Vegna þessa er erfitt að gefa sér þær niðurstöður að ríkjandi karlmennska sé bundin ákveðnum kynferðislegum ferlum. Það er menningin sem ákveður hvað er kynferðislegt og hvað ekki og karlmennskan byggir svo ofan á þau gildi. Svipað er að sjá hjá Forn-Grikkjum þar sem engin tengsl virðast hafa verið á milli samkynhneigðar og gagnkynhneigðar. Þegar kom að kynlífi þótti markvissara að stunda kynlíf með einstaklingi í svipaðri félagslegri stöðu eða þá að lærifeður ættu í ástarsambandi við nemendur sína (Pomeroy, Burstein, Donlan og Roberts, 2009). Ekki þótti það skemma fyrir karlmennsku stríðshetja Forn-Grikkja að þeir hafi lagst með öðrum karlmönnum. Ekki er því hægt að gefa sér þær forsendur að hugmyndir allra samfélaga hvað snertir kynferði séu þær sömu.

Ef við lítum á slíkar hugmyndir út frá íþróttum í vestrænum samfélögum sjáum við skýrt hvað liggur fyrir. Við sjáum eina ríkjandi karlmennsku sem er viðurkennd af samfélaginu. Staðalímyndin af íþróttahetjunni er myndarlegur, vöðvastæltur,

gagnkynhneigður karlmaður sem á ekki í stökustu vandræðum með að næla sér í kvenmann. Staðalímyndin hefur sprottið upp úr menningu okkar og við viðhöldum henni með ákveðinni félagslegri mótun sem á endanum mótar kyngervi einstaklingsins. Það sem gerir málið jafnvel ennþá flóknara er að í fjölmönnum og margþættum samfélögum eins og við búum í á Vesturlöndum hefur dæmið að mörgu leyti snúist við með tímanum. Íþróttirnar fara að móta menninguna því þar eru uppeldisstöðvar ungdómsins. Ef hugmyndum sem samfélagið lítur á sem norm yrði breytt í heimi íþróttanna gæti það orðið til þess að breyta menningunni sem að lokum gæti hróflað við hugmyndum okkar um kyngervi. Eflaust myndi það hafa einhver áhrif, en fleiri félagslegar stofnanir sem hafa áhrif á félagsmótun, eins og skólinn, stjórnkerfið og heimilið, þyrftu einnig að líta sér nær til að þær breytingar gætu orðið að veruleika. Hinsvegar eru ótal ástæður fyrir ríkið og aðra handhafa valdsins að halda þessu fyrirkomulagi óbreyttu. Það sameinar fjöldann í eina þjóð að hafa staðlaðar ímyndir um hvernig kyngervi eiga að vera. Slíkt kemur sér einkar vel nú á dögum þegar hin vestrænu ríki er sífellt að verða margþættari hvað varðar uppruna þegna þess. Góð leið til að sameina ólík þjóðarbrot er einmitt í gegnum sameiginleg áhugamál eins og til dæmis íþróttir.



## 6 Heimildir

- Archetti, E. P. (1999). *Masculinities: Football, polo and the tango in Argentina*. Oxford: Berg.
- Ásgeir Erlendsson og Sindri Sindrason. (2012, 29 október). *Ísland í dag: Eini homminn í efstu deild*. [Myndband] Sótt 8. Nóvember 2012 af [http://visir.is/section/MEDIA99&fileid=VTVD369C931-950B-40B5-A9E5-A8484823DFDD?fb\\_action\\_ids=4737887415733&fb\\_action\\_types=og.likes&fb\\_ref=top&fb\\_source=other\\_multiline&action\\_object\\_map={%224737887415733%22%3A169741783164131}&action\\_type\\_map={%22473788741](http://visir.is/section/MEDIA99&fileid=VTVD369C931-950B-40B5-A9E5-A8484823DFDD?fb_action_ids=4737887415733&fb_action_types=og.likes&fb_ref=top&fb_source=other_multiline&action_object_map={%224737887415733%22%3A169741783164131}&action_type_map={%22473788741)
- Barnard, A. (2000). *History and theory in anthropology*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Bordo, S. (1999). *The male body: New look at men in public and private*. New York: Farrar, Straus and Giroux.
- Brackenridge, C., Rivers, I., Gough, B. og Llewellyn, K. (2007). Driving down participation: Homophobic bullying as a deterrent to doing sport. Í C. C. Aitchison (ritstjóri), *Sport and gender identities: Masculinities, femininities and sexualities* (bls 122-139). London: Routledge
- Chafetz, J. S. (1974). *Masculine/feminine or human? An overview of the sociology of sex roles*. Itasca, Illinois: F. E. Peacock Publishers.
- Cleaver, F. (ritstjóri). (2002). *Masculinities matter! Men, gender and development*. London: Zed Books
- Connell, R. W. (2000). *Men and the boys*. Los Angeles: University of California Press.
- Connell, R. W. (2005). *Masculinities*. Cambridge: Polity Press.
- Constantine, I. (2007, 9. Ágúst). Women in sport – the stats, the figures and the inequality. *Sportsbar*. Sótt 18. Desember af <http://www.sportsbar.net.au/women-in-sport/>
- Delmar, R. (1986). What is feminism? Í J. Mitchell og A. Oakley (ritstjórar). *What is feminism* (bls 8-33). Oxford: Basil Blackwell.

- Dolan, C. (2002). Collapsing masculinities and weak states – A case study of northern Uganda. Í F. Cleaver (ritstjóri), *Masculinities matter! Men, gender and development* (bls. 57-83). London: Zed Books
- Durrenberger, E. P. og Erem, S. (2010). *Anthropology unbound: A field guide to the 21st century*. Boulder: Paradigm Publishers.
- Edda Garðars: Ég fattaði ekki að hún væri hrifin af mér. (2009, 11. Desember). DV [rafræn útgáfa]. Sótt 8. Nóvember 2012 af <http://www.dv.is/folk/2009/12/11/edda-gardars-fattadi-ekki-ad-hun-vaeri-hrifin/>.
- Eitzen, D. S. (ritstjóri). (2005). *Sport in contemporary society: An anthology*. Boulder, Colorado: Paradigm Publisher.
- Ember, C. R og Ember, M. (1990). *Cultural anthropology*. New Jersey: Prentice-Hall.
- Eriksen, T. H. (2010). *Small Places, large issues: An introduction to social and cultural anthropology*. London: Pluto Press.
- Ferraro, G. og Andreatta, S (2010). *Cultural anthropology: an applied perspective*. Wadsworth: Cengage learning
- Fuller, L K. (ritstjóri). (2006). *Sport, Rhetoric and gender: Historical perspectives and media representations*. New York: Palgrave Macmillan.
- Gennep, A. V. (1960). *Rites of passage*. Chicago: University of Chicago Press.
- Gledhill, J. (2000). *Power and its disguises: Anthropological perspectives on politics*. London: Pluto Press.
- Godelier, M. (1986). *The making of great men: Male domination and power among the New Guinea Baruya*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Gunnar Þór Jóhannesson og Þórður Kristinsson. (2010). *Mannfræði fyrir byrjendur*. Reykjavík: Mál og Menning.

- Guðbjört Guðjónsdóttir og Kristín Loftsdóttir. (2009). Íslendingar þrifa ekki herbergi: skörun kyns og uppruna í störfum á hóteli. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 447-458). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Johnson, C. W. og Kivel B. (2007) Gender, sexuality and queer theory in sport. Í C. Aitchison (ritstjóri), *Sport and gender identities: Masculinities, femininities and sexualities* (bls. 93-105). London: Routledge
- Johnson, R. (e.d.). Gay Population statistics: How many gay people are there. *Gay Life*. Sótt 8. Nóvember 2012 af <http://gaylife.about.com/od/comingout/a/population.htm>
- Keesing, R. M. (1987/2006). Anthropology as interpretive quest. Í H. L. Moore og T. Sanders (Ritstj.), *Anthoropology in theory. Issues in epistemology*, (bls. 258-267). Malden, MA: Blackwell Publishing.
- Kristín Loftsdóttir. (2010). *Konan sem fékk spjót í höfuðið: Flækjur og furðuheimar vettvangsrannsókna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lugo, A. og Maurer, B. (ritstjórar). (2000). *Gender matters: Rereading Michelle Z Rosaldo*. Michigan: University of Michigan Press.
- Lewellen, T. C. (2003). *Political Anthropology: An introduction*. Westport, Connecticut: Praeger Publishers.
- Mascia-Lees, F. E. og Black, N. J. (2000). *Gender and anthropology*. Prospect Heights, Illinois: Waveland Press, Inc.
- Meener, M. A. (1989). Masculinities and athletic careers. [rafræn útgáfa]. *Gender and Society*, 3(1), 71-88.
- Moore, H. L. (1994). *A passion for difference: Essays in anthropology and gender*. Cambridge: Polity Press.
- Nanda, S. og Warmas, R. L. (2009). *Culture counts: A concise introduction to cultural anthropology*. Belmont, USA: Wadsworth.
- Ortner, S. B. (1974). Is female to male as nature is to culture? Í M. Z. Rosaldo og L. Lamphere (ritstjórar). *Woman, culture and society* (bls 67-87). Stanford: Stanford University Press.

- Pronger, B. (2005) Sport and masculinity: The estrangement of gay men. Í D. S. Eitzen (ritstjóri), *Sport in contemporary society: An anthology*. Boulder, Colorado: Paradigm Publisher.
- Ritzer, G. (2012). *Sociological Theory*. New York: McGraw-Hill
- Russel, K. (2007). 'Queers, even in netball?' Interpretations of the lesbian label among sportswomen. Í C. C. Aitchison (ritstjóri). *Sport and gender identities: Masculinities, femininities and sexualities* (bls 106-121). London: Routledge
- Segrave, J. O., McDowell K. L. og King III, J. G. (2006). Language, gender and sport: A review of the Research literature. Í L. K. Fuller (ritstjóri). *Sport, Rhetoric and gender: Historical perspectives and media representations* (bls 31-42). New York: Palgrave Macmillan.
- Sleap, M. (1998). *Social issues in sport*. London: Macmillan Press LTD.
- Stolcke, V. (1993). Is sex to gender as race is to ethnicity. Í T. D. Valle (ritstjóri), *Gendered anthropology* (bls 17-37). London: Routledge.
- Strang, V. (2009). *What anthropologists do*. Oxford: Berg.
- Sveinn Eggerson. (2010). *Skálduð skinn: Af lífi fólks á Nýju-Gíneu*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Symons, C. (2007). Challenging homophobia and heterosexism in sport: The promise of the Gay Games. Í C. C. Aitchison (ritstjóri). *Sport and gender identities: Masculinities, femininities and sexualities* (bls 140-159). London: Routledge
- Tiger, L. (1969). *Men in groups*. London: Western Printing Services Ltd.
- Turner, V. (1975). *Revelation and divination in ndembu ritual*. London: Cornell University Press.
- Vijayan, P. (2002). Nationalism, masculinity and the developmental state: Exploring hindutva masculinities. . Í F. Cleaver (ritstjóri), *Masculinities matter! Men, gender and development* (bls. 57-83). London: Zed Books

Rassskellingar hafa tíðkast lengi. (2012, 14. Júní). *Vísir*. Sótt 7. Nóvember 2012 af <http://www.visir.is/rassskellingar-hafa-tidkast-lengi/article/2012706149933>

Wachs, F. L. (2006). "throw like a girl" Doesn't mean what it used to: Research on gender, language, and power. Í L. K. Fuller (ritstjóri), *Sport, Rhetoric and gender: Historical perspectives and media representations* (bls. 43-52). New York: Palgrave Macmillan.

Whitehead, S. M. (2002). *Men and masculinities: Key terms and new directions*. Oxford: Blackwell Publishers Ltd.

Wolf, E. R. (1990). Facing power: Old insights, new questions. *American Anthropologist, New Series*, 92(3), bls. 586-596.

President Obama hosts superbowl champions the New York Giants. (2012, 7 júní). *Zimbio*. Sótt 22. Nóvember 2012 af <http://www.zimbio.com/pictures/eSu8YXJxiwT/President+Obama+Hosts+Superbowl+Champions/8D0GbmCcKcR>